

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

MAÍ 2014 • 5. TBL. • 27. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



Ljósmynd **Birgis Más Þorgeirssonar** varð hlutskörpust í ljósmyndakeppni sem Seltjarnarnesbær efndi til í tilefni af Fjölskyldudeginum í Gróttu 1. maí síðastliðinn.

Gróttuljósmyndari verðlaunaður

Þær voru hver annarri betri myndirnar sem sendar voru inn í ljósmyndakeppninni sem Seltjarnarnesbær efndi til í tilefni af Fjölskyldudeginum í Gróttu 1. maí síðastliðinn. Dómnefndinni var mikill vandi á höndum en komst að þeirri niðurstöðu að mynd **Birgis Más Þorgeirssonar** yrði hlutskörpust.

Myndin þykir fanga hið glaðværa andrúmsloft sem ríkti á Gróttudeginum á frumlegan og skemmtilegan hátt og vísar auk þess til hversu vel fólk naut sín í brakandi blíðu sumarfagnaðarins í Gróttu. Tvær aðrar myndir vöktu einnig athygli dómnefndar en það voru myndir **Ragnars Smára Sigurþórssonar** af Gróttu-



Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

www.borgarblod.is

vita séðan frá bryggjunni og mynd Sillu Páls af Gróttuvita undir kynlegu skýjafari. Seltjarnarnesbær óskar vinningshafanum innilega til hamingju með sigurinn en hann hlýtur að launum 14 blaðsíðna ljósmynda-bók frá Ljósmyndavörum með eigin myndum.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann
með þér



Islandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Eiðistorgið - miðbærinn okkar

Segja má að Eiðistorgið sé miðbær okkar Seltirninga. Á síðasta ári hefur verið tekið til hendinni við lagfæringar á torginu. Lagfæringar sem voru orðnar mjög brýnar en torgið hélt hvorki vindi né vatni. Nú er orðið allt annað að sjá Eiðistorgið sem er bæði bjart og þrifalegt. Á hverjum morgni er það lagfært og þrifið og er allt annað að koma þangað. Við það hefur mannlífið verið að aukast. Fleira fólk gerir sér leið í torgið en áður.

Engu að síður er nauðsynlegt að að fá fleira fólk til þess að koma þangað. Það myndi styrkja þá þjónustu sem fyrir er og gefa fleirum tækifæri til þess að starfa þar.

Fram hafa komið hugmyndir um undirgöng undir Nesveginn sem tengja myndu Hrólfsskálamelinn við Eiðistorgið. Þegar byggingaframkvæmdunum líkur á melnum þarf að bæta aðgengi niður á torgið. Það myndi auka umferð þangað og einnig auðvelda skólakrökkum, sem búa fyrir neðan Nesveginn að fara í skólann og auka um leið öryggi þeirra. Sú bæjarstjórn sem kosin verður 31. maí næst komandi þarf taka þetta mál til athugunar í náinni framtíð. Efling Eiðistorgsins er eitt framfaramála á Seltjarnarnesi.

Alger óvissa um Lækningaminjasafnið

Ólíklegt þykir að af frekari uppbyggingu og rekstri Lækningaminjasafnsins á Seltjarnarnesi verði. Þetta kemur fram í nýrri stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um samning mennta- og menningarmálaráðuneytis, Seltjarnarnesbæjar, Þjóðminjasafns Íslands og félaga lækna frá árinu 2007 um byggingu og rekstur safnhúss á Seltjarnarnesi fyrir Lækningaminjasafn Íslands. Ástæðu óvissunnar má rekja til þeirrar ákvörðunar bæjaryfirvalda á Seltjarnarnesi í desember 2012 að hætta rekstri Lækningaminjasafns Íslands og afhenda Þjóðminjasafni Íslands safnumunina eftir að ekki náðist samkomulag við ríkið um aukin fjárframlög til safnsins en bæjaryfirvöld töldu forsendur samkomulagsins vera brostnar.

Samkvæmt samningi ríkisins við Seltjarnarnesbæ og fleiri aðila átti bæjarfélagið að bera fjárhagslega ábyrgð á byggingu og rekstri safnsins. Aðrir samningsaðilar áttu að leggja fram tiltekin fjárframlög vegna stofnkostnaðar en ekki var ráðgert að þau tækju mið af byggingavísitölu eða kostnaðarhækkunum. Gert var ráð fyrir að heildarkostnaður við byggingu hússins næmi 345 milljónum króna. Þar af skyldu ríkið og læknafélagin leggja til 235 milljónir króna en Seltjarnarnesbær það sem á vantaði eða 110 milljónir. Hluti af framlögum ríkisins og læknafélaganna var erfiðgjöf Jóns Steffensen prófessors til íslenska ríkisins sem þá var metin á 110 milljónir króna. Sú gjöf var bundin þeim skilyrðum að fénu yrði varið í þágu lækningaminjasafns í Nesstofu á Seltjarnarnesi. Einnig skyldi mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkja reksturinn með árlegu framlagi sem væri bundið vísitölu.

Áætlun um heildarkostnað komin í 700 milljónir

Byggingaframkvæmdir hófust haustið 2008 og tók safnið til starfa árið eftir en flutti aldrei inn í nýja hús-næðið sem enn hefur ekki verið lokið við. Þegar bæjaryfirvöld sögðu sig frá samningnum um Lækningaminjasafnið og afhentu Þjóðminjasafninu muni þess til varðveislu var talið að

heildarkostnaður vegna safnsins væri kominn langt fram úr áætlun eða í um 700 milljónir króna sem er tvöföld upphæð á við það sem áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Bæjaryfirvöld töldu einnig að rekstrarkostnaður safnsins hefði verið verulega vanáætlaður í upphafi og að hlutdeild bæjarfélagsins í honum væri of mikil miðað við hlutdeild ríkisins.

Uppgjör við Seltjarnarnesbæ og læknafélagið

Í úttekt Ríkisendurskoðunar kemur fram að stjórnvöld þurfi að bregðast við tveimur málum í þessu sambandi. Annars vegar hvernig standa skuli að fjárhagslegu uppgjöri við Seltjarnarnesbæ vegna stofnframlaga að upphæð 75 milljónir króna sem ríkissjóður lagði bæjarfélaginu til á árunum 2007 til 2010 og ríkið á samningsbundinn endurkröfurett á. Hins vegar hvort og þá hvernig ríkið geti efnt þá kvöð sem það tók á sig þegar það samþykkti árið 2000 að þiggja erfðafé Jóns Steffensen prófessors, sem Læknafélag Íslands varðveitti, og nýta það í þágu lækningaminjasafns í Nesstofu á Seltjarnarnesi. Fyrir liggur að hvorki mennta- og menningarmálaráðuneyti né Þjóðminjavörður telja fýsilegt að ríkið reki sérstakt lækningaminjasafn, hvorki sem sjálfstæða einingu né sem deild innan Þjóðminjasafnsins. Sé það endanleg ákvörðun ber ríkinu að semja við Læknafélag Íslands um hvað verði um áðurnefnt erfðafé.

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Nesbíúinn



Hvernig væri að breyta húsi Lækningaminjasafnsins í gólfskála?



Lífsgæðin eru á Nesinu



1 Ásgerður Halldórsdóttir



2 Guðmundur Magnússon



3 Bjarni Torfi Álfþórsson



4 Sigrún Edda Jónsdóttir



5 Magnús Örn Guðmundsson



6 Karl Pétur Jónsson



7 Katrín Pálsdóttir



8 Sigríður Sigmarsdóttir

- ÁFRAM lágsta útsvarsprósentan á höfuðborgarasvæðinu
- LÆKKUN álagningar fasteignaskatts árið 2015
- HÆKKUN á tómsbundastyrk úr 30 þúsund krónum í 50 þúsund krónur árið 2015
- LÆKKUN leikskólagjalda um 25%
- Tómsbunda- og félagsmálafræðingur í Skólaskjólíð
- Fjölbætt þjónusta fyrir unga sem aldna – tryggjum að eldri borgarar geti búið sem lengst heima
- Metnaðarfullt skólastarf og víðtæk samvinna í skólamálum
- Lífandi bær með áherslu á lýðheilsu og fjölskyldur
- Metnaðarfull stefnumótun á sviði umhverfismála – umhverfissvænn náttúruvænn í fremstu röð

KOSNINGAMIÐSTÖÐ

Kosningamiðstöð Sjálfstæðisfélags Seltirninga að Austurströnd 3, opin mánudaga til fimmtudaga frá kl.17:00 til 19:00. Föstudaga bjóða frambjóðendur uppá vöflukaffi á Eiðistorgi frá kl.16:00 til 18:00



Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi

Kári tekur við Tónlistarskólanum

Kári Húnfjörð Einarsson hefur verið ráðinn skólastjóri Tónlistarskóla Seltjarnarness og mun taka við starfinu að loknu sumarhléi 1. ágúst n.k. Kári hefur starfað við skólann sí 24 ár og þar af aðstoðarskólastjóri sl. 17 ár.

Kári er Húnvetningur. Fæddur og uppalinn á Blönduósi en segist löngu orðinn Seltirningur vegna þess að hann hafi lítið starfað annars staðar eftir að hann kom suður. Kári hefur lokið meistaranámi í tónlistarkennslu frá Northwestern University, Illinois, USA. Tónlistarskólinn á Seltjarnarnesi hefur stækkað mikið á þessum tíma og það sem meira er að nemendum hefur verið að fjölga þótt börnum hafi fremur fækkað í bæjarfélaginu. Þennan vöxt og viðgang skólans má að mörgu leyti þakka samstarfi Kára og Tónlistarskólans hefur stækkað mikið á þessum tíma og það sem meira er að nemendum hefur verið að fjölga þótt börnum hafi fremur fækkað á Seltjarnarnesi. Þennan árangur má um margt þakka nánun og góðu samstarfi Kára og Gylfa Gunnarssonar sem nú lætur af störfum skólastjóra sökum aldurs. Kári á því nú þegar stóran þátt í uppbyggingu skólastarfs og núverandi stöðu tónlistarskólans og einnig Skólalúðrasveitar Seltjarnarness sem hann hefur leitt um árabil. Þegar Nesfréttir inntu Kára eftir því í viðtali fyrir nokkru hvað hann teldi búa að baki auknum áhuga krakka á hljóðfærleik svaraði hann því til að þótt ástæðurnar geti verið ýmsar þá kunnist svarið við spurningunni að vera einfalt. Fólk velji það sem finnst skemmtilegt. „Á þessum aldri eru fæstir krakkar farin að velja möguleikum framtíðarinnar fyrir sér. Hvort þau ætla að verða lögfræðingar, flugmenn, kennarar eða eitthvað annað. Þau eru meira að hugleiða hvað sé gaman. Ég held að þarna sé fremur um einfaldar skýringar á borð við þessar að ræða en að átt hafi sér stað einhver djúpstæð vitundarvakning um hljóðfærleik.“



Kári Húnfjörð Einarsson.



Á myndinni eru Ragnar Jónsson í jafnréttisnefnd, Ólína Thoroddsen skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness, Gylfi Gunnarsson skólastjóri Tónlistarskóla Seltjarnarness, Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri, Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarness og Guðrún Vilhjámsdóttir formaður jafnréttisnefndar Seltjarnarness.

Skólarnir hlutu jafnréttisviðurkenningar

Seltjarnarnesbær veitti jafnréttisviðurkenningu bæjarins þann 8. maí en slík viðurkenning er veitt einu sinni á hverju kjörtímabili til þeirrar stofnunar eða fyrirtækis í bæjarfélaginu sem mest hefur

unnið að framgangi jafnréttisáætlunar og/eða sýnt jafnréttismálum sérstakan alhug í verki. Að þessu sinni hlutu Bókasafn Seltjarnarness, Grunnskóli Seltjarnarness og Tónlistarskóli Seltjarnarness viðurkenningar.

Bókasafn Seltjarnarness hefur staðið fyrir sérstakri vitundarvakningu meðal unglingsdregja til að hvetja þá til og stuðla að lestri bóka. Í því skyni hefur bókasafnið fengið rithöfund til að ræða vítt og breytt um mátt og megin bókarinnar með því að bjóða þeim í heim-sókn á Bókasafn Seltjarnarness. Á bókasafninu hafa einnig verið kynntar bækur sem fallið geta að bókmenntaáhuga ungra manna. Vitundarvakningin fór fram s.l. vetur. Grunnskóli Seltjarnarness hefur unnið Jafnréttis- og mannréttindastefnu fyrir skólann sem tekur annars vegar til nemenda og hins vegar til starfsfólks. Þessi stefna var kynnt á vordögum 2012. Jafnréttis- og mannréttindastefnan byggir m.a. á jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar. Með stefnunni uppfyllir skólinn 18. grein jafnréttislaga um að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Tónlistarskóla Seltjarnarness hefur tekist að laða konur jafnt sem karla til starfa og stúlur jafnt sem drengi til náms. Við skólann starfa 14 karlar í rúmlega 8 stöðugildum og 9 konur í tæplega 6 stöðugildum. 113 stúlur og 101 drengur stunda nú nám við skólann. Skólanum hefur þannig tekist að skapa blandaðan vinnustað og námsumhverfi þar sem færni og hæfileikar beggja kynja fá notið sín.

JAFNVÆGID BYR Í SYSTRASAMLAGINU!



Lífræna Systrasamlagskaffið með lífrænni mjólk. Borið fram í niðurbrjótanlegum umbúðum. Það gerist ekki betra!



Nærandi sálarfæða Systrasamlagsins; samlokur, þeytingar, skot, croissant og margt fleira.



Sápurnar frá Dr. Bronner eru 100% náttúrulegar, lífrænar, ilma dásamlega, fair trade og henta allri fjölskyldunni.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Við sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367



AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16



Eitt samfélag og jöfn tækifæri fyrir alla - Helstu áherslur

Bæta þjónustu við íbúa

- Við viljum snúa við íbúapróun á Nesinu með nýjum lausnum í húsnæðismálum ungra fjölskyldna
- Við viljum að farið verði strax í byggingu hjúkrunarheimilis
- Við viljum hækka tómstundastyrki í 50.000 kr.

Efla skóla- og uppeldismál

- Við viljum skóla þar sem eru bestu kennararnir, besti aðbúnaðurinn og ánægðustu nemendurnir
- Við viljum efla samstarf á milli skólastiga til að mæta þroska einstaklingsins

Bætt skipulag í góðu umhverfi

- Við viljum bætt vinnubrögð í skipulagsmálum, sem byggjast á nánu samstarfi við íbúa og samfellu í vinnu frá hugmynd til mótaðrar tillögu
- Við viljum vernda náttúruperlur og menningar- og söguminjar Seltjarnarness, enga byggð eða röskun á Vestursvæðunum

Ýmis mál

- Við viljum að ráðinn verði ópólitískur bæjarstjóri
- Við viljum að lýðræðisleg vinnubrögð, gagnsæi og samráð við íbúa einkenni stjórnsýslu bæjarins



Bergljót Gunnarsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir og Friðrik Guðmundsson ásamt Aðalheiði Eggertsdóttur tónlistarkennara.

Húsfyllir á Tónstöfum

Tónstöfum, samstarfsverkefni Bókasafns Seltjarnarness og Tónlistarskóla Seltjarnarness lauk á þessum vetri með tónleikum lengra kominna píánónemenda Aðalheiðar Eggertsdóttur í byrjun maí.

Húsfyllir var á tónleikunum en þeir sem fram komu voru Anna Bergljót Gunnarsdóttir, Sólrún

Guðjónsdóttir og Friðrik Guðmundsson sem öll hafa verið nemendur Aðalheiðar frá unga aldri og hafa lokið 6. stigi í píánóleik. Anna Bergljót lauk auk þess framhaldsprófi vorið 2012 og Friðrik stefnir á nám í tónsmíðum. Verkin á efnisskránni voru eftir Beethoven, Bartók, Chopin og Gade auk þess sem Friðrik frumflutti verk eftir sjálfan sig.



Seltirningar sveifluðu sér

Kátt var á hjalla í Félagsheimili Seltjarnarness sunnudaginn 11. maí þegar hljómsveit Geirmunds Valtýssonar hélt þar fjölskylduball síðdegis. Að dansleikum stóðu Seltjarnarkirkja og Seltjarnarnesbær.

Fyrir um daginn var viðamikil

afmælisdagskrá hjá kirkjunni þar sem vinasöfnuður frá Sauðárkróki tók þátt í guðspjónustu og kirkjukórinn stóð fyrir tónleikahaldi. Fjöldi fólks lagði leið sína á ballið og naut þess að dansa og syngja undir lögum Geirmundar sem allir kunnu.



Allir fá sumarvinnu

Gert er ráð fyrir að öll ungmenni á Seltjarnarnesi fái vinnu hjá bæjarfélaginu í sumar en nú er verið að leggja lokahönd á ráðningu sumarstarfsfólks til bæjarfélagsins. Seltjarnarnesbær er eina bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem býður öllum námsmönnum, sem lokið hafa 8. bekk og eru með lögheimili í bæjarfélaginu, sumarvinnu.

Annars vegar er um að ræða Vinnuskóla fyrir nemendur í 8. og 9. bekkjum fædda 1999 og 2000 sem fá vinnu þrjá og hálfan tíma á dag fjóra daga vikunnar yfir sjö vikna tímabil. Einnig er um að ræða vinnuskóla fyrir nema í 10. bekk fædda 1998 sem fá vinnu sjö stundir á dag fjóra daga vikunnar. Ekki er unnið á föstudögum en starfstímabil Vinnuskólans nær frá 10. júní til 25. júlí. Þá er um að ræða sumarstörf fyrir nemendur 17 ára og eldri fædda frá 1997 en þar er um að ræða almenn garðyrkjistörf, verkamannastörf, skapandi sumarstörf og ýmis afleysinga-

störf. Einnig er ungmennum 20 ára og eldri fæddum frá 1996 boðin störf sem flokkstjórar og leiðbeinendur vegna ævintýra- og leikjanámskeiða og smíðavallar. Nú þegar er búið að loka fyrir umsóknir er ljóst að auk grunnskólanemana í 8., 9. og 10. bekkjum fá um 200 námsmenn 17 ára og eldri sumarstarf hjá bænum en umsóknum fjölgaði til muna frá árinu áður, samkvæmt fréttatilkynningu frá Seltjarnarnesbæ. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir að framtak bæjarins gagnvart sumarvinnu námsmanna sé ekki nýtt af nálinni en í kjölfar kreppunnar þegar ljóst var að námsmenn færu á mis við almenn störf, sem þeim höfðu staðið til boða hafi verið ákveðið að vanda kvæði í kross og bjóða öllum nemum eftir 8. bekk sumarstarf. Hún bendir jafnframt á að hún sé stolt yfir því að bæjarfélagið leggi fjármuni í að veita öllum námsmönnum í sinni heimabyggð, þ.m.t. háskólaþólki, tækifæri til að afla sér tekna.

Framkvæmdir á Nesinu í sumar

Eins og vera ber á þessum árstíma taka framkvæmdir í bæjarfélaginu mikinn kipp. Samkvæmt upplýsingum frá Gísla Hermannssyni sviðsstjóra umhverfissviðs bæjarins eru fjölmörg verkefni í gangi. „Meðal þess sem hæst ber er snyrting og fegurin bæjarins en von bráðar fáum við hóp skólafólks til liðs við okkur til að taka bæinn í gegn,“ segir Gíslí.

„Við höfum verið að haugsetja grjótt frá Lýsisreitnum við Bygggarðstanga en hugmyndin er að bora þar eftir heitu vatni. Núna erum við að undirbúa þetta verkefni með því að bora þrjár til-

raunaholur en það er mikilvægt áður en lagt er út í framkvæmdir við virka borholu. Við Suðurströnd erum við að undirbúa gerð hljóðmanar og einnig stendur yfir lagnavinna vegna hitaveitunnar. Svæðin í kringum fótboltavöllin verða snyrt og byrjað er að vinna að frágangi á svæði í kringum vinnuáðstöðu golfvallarins. Þá eru alltaf fjölbreytt verkefni í gangi sem við í áhaldahúsinu höfum á okkar könnu en það er alltaf gaman á þessum árstíma þegar framkvæmdir eru í hámarki og unga fólk er að tínast til starfa hjá okkur,“ segir Gíslí að lokum.



göðgæti frá Jóa Fel

Bakarí Jóa Fel við Hringbraut

Í nýju og glæsilegu bakaríi Jóa Fel við Hringbraut (JL-húsinu) er boðið upp á einstakt úrval af steinbökuðum gæðabrauðum, samlokum og heitum réttum, ásamt girnilegum kökum og kruðuríi.

Bakaríið er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18 og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



*Samkvæmt greiningu Creditinfo.

B A K A R Í

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut

Metaðsókn á Gróttudegi

Um 800 manns sóttu Fjölskyldudaginn í Gróttu, sem haldinn var hátíðlegur í 13. sinn, fimmtudaginn 1. maí. Gestir nutu veðurbliðunnar og alls þess besta sem Gróttan og dag-skráin höfðu upp á að bjóða.

Börnin sóttu smíðjur í flugdrekagerð og rannsknum úr sjávarríkinu, harmonikkuleikari lék undir berum himni, börnin léku sér í fjöruborð-

inu og færri en vildu komust upp í vitann. Trúbadorinn KK var sérstakur gestur og lék og söng fyrir gesti í Albertsbúð. Hönnunarsýning Volka, sem hanna húsgögn út frá lögun vita, var í vita-varðarhúsinu og Elsa Nielsen sýndi tölvugerðar ljósmyndir í Fræðasetrinu. Í Fræðasetrinu fór einnig fram andlitsmálun, sem naut mikilla vinsælda og vöflusalan sló öll met.



16 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



KOMDU MEÐ BÍLINN Í
FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Mássun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakk mássun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Draghals 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is





SELTJARNARNESBÆJARSTJÓRNUN

Bæjarstjórnarkosningar á Seltjarnarnesi 31. maí 2014.

Kjörfundur verður haldinn í Valhúsaskóla við Skólabraut. Hefst hann kl. 09:00 og lýkur kl. 22:00.

I. Kjördeild.

Ísl. bús. á Norðurl.
Austurströnd
Bakkavör
Barðaströnd
Bollagarðar
Eiðismýri
Eiðistorg
Fornaströnd
Grænamýri
Hamarsgata
Hofgarðar
Hrólfsskálamelur
Hrólfsskálavör
Kirkjubraut

II. Kjördeild.

Kolbeinsmýri
Lambastaðabraut
Látraströnd
Lindarbraut
Melabraut
Miðbraut
Nesbali
Neströð
Nesvegur
Sefgarðar
Selbraut
Skerjabraut

III. Kjördeild.

Skólabraut
Sólbraut
Steinavör
Suðurmýri
Sæbraut
Sævargarðar
Tjarnarból
Tjarnarmýri
Tjarnarstígur
Unnarbraut
Valhúsabraut
Vallarbraut
Vesturströnd
Víkurstönd

Hús:

Berg
Blómvellir
Bollagarðar
Ráðagerði

Eftirtaldir listar eru í kjöri:

B- listi Framsókn og óháðir

Nr. Nafn frambjóðanda, heimilisfang. Starfsheiti

- 1 Guðmundur Einarsson, Víkurströnd 14. Viðskiptafræðingur
- 2 Þorsteinn Sæmundsson, Vesturströnd 4. Alþingismaður
- 3 Kristjana Bergsdóttir, Hrólfsskálavör 9. Kerfisfræðingur
- 4 Sigurður E. Guðmundsson, Skólabraut 8. Flugstjóri
- 5 Björn Ragnar Bjarnason, Selbraut 30. Viðskiptafræðingur
- 6 Edda Sif Bergmann Þorvaldsd., Austurströnd 2. Sérkennari
- 7 Sigrún Þorgeirsdóttir, Látraströnd 42. Málfræðingur
- 8 Stefán E. Sigurðsson, Skerjabraut 5. Flugstjóri
- 9 Íris Gústafsdóttir, Eiðistorg 5. Hárgreiðslumeistari
- 10 Guðbjörg Hannesdóttir, Skólabraut 5. Fyrirverandi skólalíði
- 11 Hildur Aðalsteinsdóttir, Melabraut 22. Leikskólasérkennari
- 12 Svala Sigurðardóttir, Kirkjubraut 6. Fyrirverandi skólaritari
- 13 Dóra Sigurðardóttir, Víkurströnd 14. Hjúkrunarfræðingur
- 14 Erna Kristinsdóttir, Skólabraut 3. Fyrirverandi iðnrekandi

N- listi Neslistinn

Nr. Nafn frambjóðanda, heimilisfang. Starfsheiti

- 1 Árni Einarsson, Eiðistorg 3. Framkvæmdastjóri
- 2 Hildgunnur Gunnarsdóttir, Melabraut 40. Framhaldssk.kennari
- 3 Brynjúlfur Halldórsson, Tjarnarmýri 37. Matreiðslumeistari
- 4 Ingunn Hafðís Þorlákssdóttir, Melabraut 11. Skólaritari
- 5 Ragnhildur Ingólfssdóttir, Tjarnarstígur 20. Arkitekt
- 6 Oddur Jónas Jónasson, Melabraut 2. Þýðandi
- 7 Rán Ólafsdóttir, Unnarbraut 7. Háskólanemi
- 8 Guðbjörg Eva Pálsdóttir, Lindarbraut 8. Menntaskólanemi
- 9 Axel Kristinsson, Unnarbraut 7. Íþróttabjálfi
- 10 Halldóra Jóhannsdóttir Sanko, Eiðistorg 5. Þroskþjálfari
- 11 Björgvin Þór Hólmgeirsson, Melabraut 8. Handknattleiksmaður
- 12 Helga Charlotte Reynisdóttir, Eiðistorg 3. Leikskólakennari
- 13 Jens Andrésón, Grænumýri 28. Vélfræðingur
- 14 Kristín Ólafsdóttir, Vallarbraut 2. Eiturefnafræðingur

D- listi Sjálfstæðisflokkur

Nr. Nafn frambjóðanda, heimilisfang. Starfsheiti

- 1 Ásgerður Halldórsdóttir, Bollagörðum 1. Bæjarstjóri
- 2 Guðmundur Magnússon, Valhúsabraut 4. Framkvæmdastj.
- 3 Bjarni Torfi Álfþórsson, Barðaströnd 41. Framkvæmdastjóri
- 4 Sigrún Edda Jónsdóttir, Selbraut 84. Viðskiptafræðingur
- 5 Magnús Örn Guðmundsson, Melabraut 27. Viðskiptafræðingur
- 6 Karl Pétur Jónsson, Barðaströnd 5. Framkvæmdastjóri
- 7 Katrín Pálsdóttir, Víkurströnd 5. Háskólakennari
- 8 Sigríður Sigmarsdóttir, Unnarbraut 19. Sölustjóri
- 9 Lýður Þór Þorgeirsson, Barðaströnd 19. Framkvæmdastjóri
- 10 Ásgeir G. Bjarnason, Unnarbraut 17. Hagfræðingur
- 11 Ásta Sigvaldadóttir, Selbraut 34. Verkefnastjóri
- 12 Hrefna Kristmannsdóttir, Látraströnd 30. Prófessor emeritus
- 13 Magnús Ingi Guðmundsson, Valhúsabraut 4. Nemi
- 14 Lára B. Lárusson, Lindarbraut 8. Flugstjóri

S- listi Samfylkingin

Nr. Nafn frambjóðanda, heimilisfang. Starfsheiti

- 1 Margrét Lind Ólafsdóttir, Hofgördum 21. Sérfræðingur
- 2 Guðmundur Ari Sigurjónsson, Skólabraut 7. Tólmst.-og fél.m.fr.
- 3 Eva Margrét Kristinsdóttir, Melabraut 30. Lögfræðingur
- 4 Magnús Dalberg, Nesbala 106. Viðskiptafræðingur
- 5 Sigurþóra Bergsdóttir, Nesvegi 123. Ráðgjafi
- 6 Jakob Þór Einarsson, Miðbraut 1. Leikari og ráðgjafi
- 7 Laufey Gissurardóttir, Melabraut 30. Þroskþjálfari
- 8 Stefán Bergmann, Hamarsgötu 2. Líffræðingur
- 9 Hrafnhildur Stefánsdóttir, Sævargörðum 12. Bókas.-og uppl.fr.
- 10 Guðrún Lilja Kvaran, Barðaströnd 1. Meistaraneini
- 11 Sladjana Radinovic, Austurströnd 12. Skólalíði
- 12 Gunnlaugur Ástgeirsson, Nesvegi 121. Kennari
- 13 Kalla Björg Karlsdóttir, Selbraut 6. Framkvæmdastjóri
- 14 Ágúst Einarsson, Fornuströnd 19. Prófessor

Kosning utan kjörfundar er í Laugardalshöll frá og með 19. maí til kjördags, alla daga frá kl. 10:00 til 22:00

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar liggur frammi frá 20. maí 2014, almenningi til sýnis, í þjónustuveri á bæjarskrifstofum Seltjarnarness Austurströnd 2, 1. hæð, á opnunartíma skrifstofunnar.

Hvar ertu á kjörskrá? Einnig er bent á vefinn: <http://www.kosning.is/sveitarstjornarkosningar-2014/kjorskra/>

Kosningavefur Innanríkisráðuneytisins er: www.kosning.is

Talning atkvæða hefst að loknum kjörfundi.

Yfirkjörstjórn verður með aðsetur á 2. hæð Valhúsaskóla meðan á kjörfundi stendur.

Munið eftir persónuskilríkjum.

Yfirkjörstjórn Seltjarnarnesbæjar,

Pétur Kjartansson, formaður
Þórður Búason
Gróa Kristjánsdóttir

Purfum að hafa áhrif á íbúapróunina

„Stóra framtíðarverkefni okkar hér á Seltjarnarnesi er að laða ungt fjölskyldufólk til bæjarfélagsins. Sú slagsíða sem komin er í íbúasamsetninguna hefur áhrif á skólasamfélagið og æskulýðs- og íþróttastarfið, en einnig tekjulega séð ef fólk á starfsaldri fækkar hlutfallslega gagnvart öðrum aldursþópum. Það breytir því ekki að við viljum sjá vel um íbúana okkar á hvaða aldri sem þeir eru. Ástæður þessarar stöðu eru einkum hátt fasteignaverð, það eru dýrar fasteignir sem yngra fólk ræður illa eða ekki við að kaupa. Þjónustugjöld vegna barna og ungmenna hafa líka verið í hærrí kantinum í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Þetta tvennt fælar ungt fjölskyldufólk frá þótt það vilji búa á Nesinu. Fasteignaverðið ræðst af framboði og eftirspurn. Fólk vill fá það verð fyrir eignir sínar sem best býðst. Það er ekki á verkswiði bæjaryfirvalda að skipta sér af því. Þess vegna verður að leita annarra leiða. Þar koma þjónustugjöldin til sögunnar og hvernig bæjarfélagið getur á annan hátt komið til móts við þennan hóp,“ segir Árni Einarsson, bæjarfulltrúi og oddviti Neslistans á Seltjarnarnesi, í spjalli við Nesfréttir.

Árni segir að Seltjarnarnesbær hafi ekki þurft og muni væntanlega ekki þurfa að leggja fé og fyrirhöfn í uppbyggingu atvinnumála, líkt og mörg sveitarfélög. Því sé hægt að einbeita sér að þjónustuhlutverkinu. Hann segir að núverandi bæjarstjórn hafi tekið við bæjarsjóði í hallarekstri, sem hafi verið óviðunandi. Hann viðurkennir að hrúnið hafi komið illa við Seltirninga rétt eins og aðra. „Við stöðum frammi fyrir atvinnusamdrætti hjá fólk sem dregið gat úr tekjum bæjarfélagsins. Útsvarstekjur gátu lækkað vegna minni tekna og útsvarsgreiðendum jafnvel fækkað vegna atvinnumissis. Seltjarnarnesbær stóð því frammi fyrir sambærilegum vanda og önnur sveitarfélög. Það hjálpaði rekstri sveitarfélagsins vitaskuld að margir tóku út séreignalfeyrissparnað til þess að fleyta sér áfram.“

Unnið þvert á flokka

Árni segir að unnið hafi verið þvert á flokka og framboð til þess að vinna úr þessari stöðu. Settir hafi verið á sérstakir vinnufundir bæjarstjórnar til viðbótar hefðbundnum bæjarstjórnarfundum við undirbúning fjárhagsáætlana, þannig að allir bæjarfulltrúar komu að því að vinna þær. Þannig hafi

orðið til uppbyggilegur farvegur fyrir samskipti minni- og meirihluta. „Þetta eru breytt vinnubrögð frá fyrri tíð þegar minnihlutinn kom að málum fullmótuðum á afgreiðslustigi og átti ekki aðra kosti en að greiða atkvæði annað hvort með eða á móti eða bóka í bak og fyrir til þess að koma sínum stefnumálum og áherslum að. Við máttum stöðuna þannig að skapa þyrfti samstöðu um rekstur bæjarfélagsins og vinna okkur saman út úr vandanum. Það væri beinlínis óábyrgt að efna til togstreitu í stað þess að leita sameiginlegra lausna. Um þetta skapaðist góð sátt og ég er þakklátur öllum félögum mínum í bæjarstjórn, hvar í flokki sem þeir standa, fyrir að sýna þessa ábyrgð. Persónulega er ég ekki fyrir skotgrafahernað og ómálefnalegt skítkast, enda er verkefnið að vinna sem best að hag sveitarfélagsins og velferð íbúanna. Ekki að það snúist um okkur bæjarfulltrúana eða flokka. Það var t.d. samstaða um að halda leikskólajöldum óbreyttum, tótmundastyrkir voru hækkaðir og lögð var áhersla á íþrótt- og tótmundastarfið. Þá voru húsaleigubætur hækkaðar, sem gagnast ekki síst tekjulægstu fjölskyldunum.“

Standa hefði mátt betur að málum

Árni segir að þessi samvinna þýði þó ekki að engin ágreiningsmál hafi komið til. Flokkarnir og framboðin hafi mismunandi sýn á ýmis mál. Minnihlutinn hafi ekki verið í því hlutverki að kogleypa hvað sem er í nafni samstarfs og samstöðu, þótt hún sé æskileg. „Okkur í minnihlutunum finnst að standa hefði mátt betur að ýmsum ákvörðunum og þá ekki síst mannauðs- og starfsmannamálum bæjarfélagsins. Einnig var ráðist í skipurðsbreytingar sem mér fannst illa grundaðar og ómarkvissar. Starfsfólkið okkar er lykillinn að því hvernig til tekst í starfsemi bæjarins. Það á við um alla, hvert sem hlutverk þeirra er. Þegar breytingar verða í starfsmannamálum, hvort heldur tilfærslur í starfi eða uppsagnir, verður að vanda vel til verka. Svona mál geta verið viðkvæm og því nauðsynlegt að leysa þau í sem mestri sátt. Fólk á að geta lokið störfum með reisu og vera metið að verðleikum. Nokkur slík mál hafa komið upp á kjörtímabilinu og ekki farið framhjá bæjarbúum sem mér, og okkur hjá Neslistanum, finnst að betur hefði mátt standa að. Uppsagnir og starfsmannamál sem enda í kostnaðarsömum málaferlum, og bærinn jafnvel dæmdur til þess að greiða



Árni Einarsson.

skaðabætur, eru óhæfa og blettur á bæjarfélaginu. Þetta er nokkuð sem við þurfum að varast í framtíðinni og ég vona að menn hafi lært nokkuð af reynslunni í þessum efnunum.“

Hvenær verður ráðist í íþróttamiðstöðina?

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 var samstaða á milli meirihlutans og minnihlutans um að fresta fyrirhuguðum endurbótum og viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Seltjarnarnesi og nýta tímunn til þess að undirbúa málið betur. Árni segir að undirbúningshópi hafi verið komið á fót til þess að vinna að málinu sem skilaði vandaðri skýrslu í september á liðnu ári. „Í lokadrögum að fjárhagsáætlun ársins 2014 var samt ekki gert ráð fyrir þessu verkefni, hvorki undirbúningi eða framkvæmd. Því ríkir algjör óvissa um framhaldið. Þetta fundust mér slæm skilaboð til þess fjölda sjálfboðaliða sem heldur uppi íþróttastarfinu í bænum og að sjálfsgöðu iðkendanna líka. Af þessum ástæðum gat ég ekki samþykkt fjárhagsáætlunina og sat hjá við atkvæðagreiðslu um hana. Ég hef lagt fram tillögu í fjárhags- og launafund um að nota tekjur af lóðasölu á Hrólfsskálamel til þess að hefja þetta verkefni. Þátttaka barna og ungmenna í íþróttastarfinu á Seltjarnarnesi er með því sem best gerist í landinu og íþróttastarfið hjá Gróttu er öflugt og metnaðarfullt og á áreiðanlega sinn þátt í einstaklega góðu ástandi í vímuefnamálum ungmenna á Nesinu.“

Lækningaminjasafnið klúður

Við víkjum aðeins að Lækningaminjasafninu, en Árni telur það klúður. „Menn geta deilt um hvort unnið hafi verið nægilega vel að því

máli í byrjun og haft á því skoðanir. Þegar meirihluti bæjarstjórnar ákvað að slá málið af lögðum við í minnihlutunum til að sá samningur sem var fyrir hendi yrði framlengdur um eitt ár og tímunn nýttur til viðræðna um nýjan samning. Sá samningur fæli m.a. í sér athugun á breyttu hlutverki safnsins, breyttu rekstrarformi og nýrri tímaáætlun á áfangaskiptingu framkvæmda. Við þessu var ekki orðið og málið er komið á algeran byrjunarreit. Húsið á Nesstofutúninu stendur hálfbyggt og ekki ljóst hverjum eða hvernig það muni nýtast í framtíðinni. Við töldum ýmsa kosti í stöðunni og vísuðum þá meðal annars til tillagna frá stjórn safnsins. Upphaflegi samningurinn var vissulega gallaður og ekki vit í að halda framkvæmdinni áfram á forsendum hans. Í dag er engan veginn ljóst hver framvindan verður.“ Árni segir sömu sögu að segja um dráttinn sem orðinn er á byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi. Ekkert liggir fyrir um næstu skref eða hvort þau verði stigin.

Munum áfram láta málefnið ráða

Árni segist áfram munu vinna á grundvelli málefna að hagsmunum bæjarins og íbúanna og starfa í anda samstöðu. Slíkt sé affærast og viðhalda beri þeim samræðustjórnarmálum sem bæjarfulltrúar hafi náð að þróa á kjörtímabilinu. „Við í Neslistanum viljum halda þessu vinnulagi. Við höfum skýra sýn á það í hvernig samfélagi við viljum búa, en við viljum leita lausna í stað ágreinings. Við getum verið ósammála og gagnrýnin, hvort heldur er á markmið eða leiðir, án svigurmæla og upphrópana. Ef við sem erum í stjórnarmálum ætlumst til þess að virðing sé borin fyrir okkur og starfi okkar er lágmark að við sýnum fordæmi sjálf. Við Neslistafólk gerum okkur fulla grein fyrir því að svona vinnubrögð og mála fylgja færir okkur ekkert endilega fleiri atkvæði kjósenda. Þeir greina síður hvaðan málin koma og hverjir hafa beiðt sér í niðurstöðunni. Líklega verða fleiri ánægðir með niðurstöðu sem verður til í svona ferli en annars. Meirihlutinn kemur yfirleitt fram út á við fyrir hönd sveitarfélagsins og ávinningurinn af góðri niðurstöðu fellur frekar í hans skaut eða er eignað honum einum. Svona vinnubrögð gera meiri kröfur til íbúa um að fylgjast með bæjarmálunum. Það breytir þó ekki viðhorfi mínu og við Neslistafólk munum halda áfram okkar striki hvað þetta varðar,“ segir Árni Einarsson.

Síminn og Macland í sterkara sambandi

www.siminn.is

Það er gott að eiga Macland að í miðbænum

Viðskipavinir Símans geta nú fengið alla okkar fjölbreyttu þjónustu hjá starfsmönnum Macland á Laugavegi 17. Þar munu vanir menn veita þér öfluga þjónustu er varðar farsíma, net, heimasíma og Sjónvarp Símans.



Macland er eina Apple búðin í miðbænum. Þar færðu enn fremur startpakka fyrir farsíma og NetFrelsi.

Við eigum erindi við bæjarbúa

„Það eru algjör forréttindi að búa svo nálægt náttúrunni þar sem haf, land og fjölbreytt lífríki eru til staðar. Seltjarnarnes hefur upp á svo margt að bjóða og það er mín trú að við getum gert bæinn að eftirsóknarverðum stað með fjölbreyttu mannlífi og gæðaþjónustu fyrir alla“, segir Margrét Lind Ólafsdóttir bæjarfulltrúi en hún skipar fyrsta sætið á lista Samfylkingarinnar við komandi bæjarstjórnarkosningar.

Þetta er í annað skipti sem Margrét Lind gefur kost á sér til bæjararmálastarfa á Seltjarnarnesi. Hún segir undanfarin fjögur ár hafa verið lærdómsríkan tíma og því komi hún reynslunni ríkari að þessu framboði. „Margvíslegt samstarf á sér stað í bæjarmálum Seltjarnarness bæði innan minnihlutans og á milli meiri- og minnihluta. Við sem komum að bæjarmálunum erum öll að vinna fyrir bæjarbúa af heilum hug og pólitík blandast sjaldnast inn í málin. Ég er ekki fyrir átakapólitík en hef ávallt hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi í starfi mínu sem bæjarfulltrúi og vinn samkvæmt þeirri sannfæringu. Áherslur okkar í Samfylkingunni á þessu kjörtímabili voru að verja grunnþjónustuna á tímum niðurskurðar og hagræðingar og standa vörð um velferðina. Nú fjórum árum seinna eru þjónustugjöldin orðin sambærileg við sveitarfélög í kringum okkur. Áherslur okkar í Samfylkingunni voru að þjónustugjöld yrðu ekki hækkuð enda voru þau með þeim hæstu miðað við önnur sveitarfélög. Við lögðum til að fjárhagsaðstoð yrði hækkuð sem var gert og einnig að sérstakar húsaleigubætur yrðu settar á. Hins vegar hef ég haft miklar áhyggjur af ýmsum þjónustubáttum og að gengið væri of nærri skólunum hvað varðar t.d. aðbúnað og fjölgun nemenda í bekkjum.“

Óþarfa tafir á byggingu hjúkrunarheimilis

Margrét Lind segir að þar sem framboð og flokka greini á um ýmis atriði þá komi oft fram mismunandi áherslur og nálgun vegna málefna. „Ég tel t.d. að mikill tími hafi farið til spillis varðandi byggingu nýs hjúkrunarheimilis. Skrifað var undir samkomulag í desember árið 2010 en nú næstum heilu kjörtímabili seinna erum við enn á byrjunarreit. Vandræðagangur hefur verið með lóð fyrir heimilið og fór alltof langur tími í það ferli allt saman. Í dag stöndum við frammi fyrir því að byggingarkostnaður er mun hærri

heldur en fyrir fjórum árum. Hjúkr-unaheimili á Seltjarnarnesi hefur verið til umræðu í 30 ár og hverrar skoðunar sem menn eru um þörf fyrir hjúkrunarheimili á Nesinu þá er Seltjarnarnesbær einfaldlega skuldbundinn til þess að byggja heimilið samkvæmt samkomulagi við ríkið.“

Skýrsla Ríkisendurskoðunar áfellingdómur yfir meirihlutann

„Svo er málefni Lækningaminjasafnsins mikinn áfellingdómur yfir störfum meirihlutans. Svört skýrsla Ríkisendurskoðunnar segir allt sem segja þarf en þar er dregin upp mjög dökk mynd af aðkomu bæjarfélagsins í þessu máli. Eftirlit bæjarfélagsins er gagnrýnt. Því hefur skv. skýrslunni verið mjög ábótavant svo og áætlanagerð. Í raun er margt sem snýr að Seltjarnarnesbæ í molum. Staðan í dag er einfaldlega sú að ríkið getur krafist endurgreiðslu frá Seltjarnarnesbæ upp á 75 milljónir úppreiknað og það sama má segja um læknafélögin. Skýrslan staðfestir margt sem við í Samfylkingunni vissum og höfum haldið fram. Það skorti metnað í að reyna að finna lausnir af hálfu meirihlutans og skoða hvaða leiðir hefði verið hægt að fara. Þarna stendur fleiri hundruð milljón króna arfleið meirihlutans, byggt fyrir skattfé okkar og framlög ríkis og sveitarfélaga, út í miðjum móa af félagskap sem kennir sig við ábyrga fjármála- stjórnun. Það er ekki bara hægt að taka strútinn á þetta og stinga höfðinu í sandinn.“

Þjónustan á að vera fyrir alla

„Þjónusta við bæjarbúa er það sem fólk horfir til, hvort sem það á við unga, aldna eða ólíkra hópa. Gæði þjónustunnar er það sem máli skiptir og fólk horfir til þess þegar það velur sér búsetu. Við höfum verið að sinna nauðsynlegu viðhaldi undanfarin ár eins og fráveitumálum, gatnagerð og viðgerðum á húsnæði. Starfsfólkið á Seltjarnarnesi hefur allt staðið sig einstaklega vel á erfiðum tímum og þar er ómetanlegur mannaúður sem við eigum og þurfum að hlúa að. Við þurfum nefnilega líka að huga að innviðunum.“

Foreldrafélagið lagði fé í skólaskjólíð

„Skólamálin eru þar ekki undan- skilin,“ heldur Margrét áfram. „Við



Margrét Lind Ólafsdóttir.

í Samfylkingunni viljum skóla þar sem allir geta stundað nám við sitt hæfi, þar sem nemendum líður vel og kennarar eru metnir að verðleikum. Að faglegur metnaður sé til staðar og framþróun eigi sér stað. Ég veit að bæjarbúar eru mér sam- mála í þessu. Við búum að því að hafa mjög gott starfsfólk í skólunum en ég tel nauðsynlegt að huga að aðbúnaði bæði í leikskólum og grunnskólum, bæði faglega og rekstrarlega. Sparnaður má ekki koma niður á faglegu starfi og hafði ég miklar áhyggjur af þessu við síðustu fjárhagsáætlunargerð þar sem mér fannst svigrúm lítið til að bæta aðbúnað. Þetta á einnig við um skólaskjólíð og þótti mér athyglis- vert að foreldrafélagið lagði til fjármagn þar inn til að endurnýja leik- föng. Ég hefði talið eðlilegra að það væri hluti af rekstri bæjarins.“

Endurvekja tómsundastarf fyrir 10 til 12 ára

„Eitt af því sem hefur heppnast vel hér á Nesinu er samfeilan milli íþróttar og skóla. Það er algjörlega til fyrirmyndar og gríðarlega vel staðið að því. Við verðum samt að horfast í augu við það að ekki eru allir í skipulagðri íþróttastarfsemi. Mér finnst alltof oft gengið út frá því. Það þarf að koma til móts við börn sem ekki eru í íþróttum. Það er hætt á að þau einangrist og loki sig af og verði félagslega veikari. Þess vegna leggjum við í Samfylkingunni mikla áherslu á að endurvekja tómsundastarf fyrir börn á aldrinum 10 til 12 ára þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.“

Vantar stefnu vegna félagslegs húsnæðis

„Þá kalla ég eftir stefnu vegna félagslegs húsnæðis. Það þarf

algjörlega að endurskoða þann málaflökk. Í dag er biðlisti eftir félagslegu húsnæði en hann haggast ekkert. Þau svör fást að húsnæði losni ekki og þar við situr. Engin umræða er um hvað hægt sé að gera og enginn vilji til að koma til móts við þá sem standa höllum fæti og þurfa á þessari lausn að halda. Það þykja mér dapurleg sjónarmið því lífsgæðin eiga jú að vera fyrir alla. Félagsstarf ald- aðra hefur verið í miklum blóma og algjörlega frábært að sjá kraftinn hjá heldri borgurum bæjarins. Hins vegar þykir mér ansi þrengt að félagsaðstöðu þeirra og löngu orðið tímabært að stækka hana og gera hana sæmandi fyrir þennan hóp. Þá þarf að styrkja félagslega heimaþjónustu.“

Við viljum faglega bæjarstjórn

Af öðrum áherslum sem framboð Samfylkingarinnar leggur nú fram nefnir Margrét Lind að ráðinn verði ópólitískur faglegur bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. „Ég tel það farsælast fyrir bæjarfélagið að bæjarstjórnin sé óháður og að hann sé bæjarstjóri allra bæjarbúa en ekki pólitísk kjörinn. Ég tel að það auki fagleg vinnubrögð, skilvirkni og gagnsæi í stjórnvísunni allri. Það er einnig vegna þess að pólitík hefur verið að flækjast alveg ótrúlega mikið fyrir meirihlutannum sem er slæmt. Margar af þeim skýrslum sem hefur verið kostað til á körtímabilinu með það að leiðarljósi að bæta hluti hafa því miður ekki skilað nokkrum árangri ef þær henta ekki skoðun meirihlutans og kalla á fjármagn. Ég er eiginlega orðin frekar þreytt á skyndiskýrslum og kys framfærðarstefnumótun eftir þetta kjörtímabil. Ég hef lært það að verulega varasamt er að „fela“ bæjarstóra að athuga ákveðna hluti því lítið er á það hjá meirihlutann að ekkert samráð þurfi að hafa við minnihlutann um framgang mála og í framhaldi af því eru allskyns ákvarðanir teknar í „felum“ fram hjá nefndum í engu samræmi við fjárhagsáætlunir eða í viðkomandi fagnefndum. Minnihlutinn fær svo engar upplýsingar um ákvarðanir og við lesum um ákvarðanir í hinum ýmsu fjölmiðlum án samráðs við minnihluta.“

Samfylkingin á samleið með Seltímingum

Við í Samfylkingunni leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð séu viðhöfð í hvívetna. Við hræðumst

ekki langtímastefnumörkun og leggjum áherslu á þjónustu við alla. Að samfélag okkar hér á Seltjarnarnesi þróist og mótist sem heilt bæjarfélag en ekki eins og hverfi í borg. Að margbreytileikinn fái að njóta sín þar sem allir hafi jöfn tækifæri

og ákvarðanir eru teknar með hagsmunum allra bæjarbúa að leiðarljósi. Þess vegna eigum við í Samfylkingunni samleið með Seltirningum og ég hvet ykkur bæjarbúa að treysta okkur áfram til góðra verka - það þurfa allir aðhald.“



Meðfylgjandi mynd var tekin á borstað þar sem glögglega sést hve krafturinn á vatninu sem kemur upp úr holunni er mikill. Á myndinni að neðan stendur Hrefna Kristmannsdóttir ásamt aðstoðarmönnum sínum.

Boranir hafnar eftir heitu vatni

Hafnar eru boranir eftir heitu vatni á nýju svæði á Seltjarnarnesi, en staðsetningin er á Bygggarðslandi, skammt frá hákarlaskúrnum norðanmegin á Nesinu.

Undir hádegi þriðjudaginn 13. maí var búið að bora niður á 21 metra dýpi en gert er ráð fyrir að það taki alls 4 til 5 daga að ná 140 til 150 metra dýpi sem er sú dýpt sem getur gefið vísbendingu um hvort heitt vatn sé að finna á svæðinu. Um þessar mundir fer fram haugsetning á jarðvegi við Ráðagerðisvör nokkra



metra út í sjó, en þar stendur til að bora enn dýpra eftir heitu vatni, þegar niðurstöður úr borholunni á Bygggarðslandi liggur fyrir.

Spjaldtölvur í Grunn-skóla Seltjarnarness

Grunnskóli Seltjarnarness fékk í haust 10 spjaldtölvur til afnota. Kennarar hafa nýtt veturinn til að kynna sér tækin og hvernig best er að nota þau með nemendum.

Í apríl fékk skólinn 25 spjaldtölvur til viðbótar. Næsta skólaár hefst samstarf skólans við fyrirtækin Trawire og Skemu, en Trawire mun lána skólanum 25-30 spjaldtölvur og sjá um allt viðhald og uppsetningu. Skema mun halda námskeið fyrir starfsfólk skólans og veita kennslufræðilega aðstoð. Starfsfólk og nemendur hlakka til að nýta þessi nýju verkfæri.



Góður vinahópur sem hittist á hverjum morgni



Síðustu ár hefur sundhópur á Seltjarnarnesi hist reglulega í anddyri Sundlaugarinnar og fengið sér kaffi á hverjum morgni alla virka daga frá kl. 8:15 til 9.00 þess utan að koma saman og synda.

Fyrir fimm árum tók hópurinn upp á því að halda þorrablot á Rauða Ljóninu. Þetta reyndist vera hin besta skemmtun á síðasta ári var ákveðið að halda þrjú blót. Fyrst var haldið þorrablot á hefðbundnum tíma á þorranum. Síðan var vorkomunni fangað með vorblóti að lokum var haustinu einnig fagnað með haustblóti. Um 30 manns komu saman og skemmtu sér og hvort öðru með sögum og kvæðum. Sundhópurinn hefur á þessum tíma þróast úr að vera hópur áhugafólks um sundiðkun að góðum fjölbreyttum vinahópi.



Rauða Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola



Skyggst bak við tunglið á stall

Hið þekktu listaverk Sigurjóns Ólafssonar, *Skyggst bak við tunglið*, hefur verið sett á nýjan stöpul sem Kristinn Hrafnsson myndhöggvari hannaði á hringtorginu á mótum Sundlaugar Seltjarnarness og Heilsugæslunnar.

Verkið stóð áður á Nesinu en hefur verið í geymslu og til viðgerðar að undanförunu. Mikil spennan var í loftinu þegar verkið var afhjúpað kl. 12.00 á hádegi á afmælisdegi Seltjarnarness 9. apríl og var afhjúpunin liður í hátíðadagskrá bæjarins af þessu tilefni.

Bókasafn Seltjarnarness gefur bækur til Malaví

Bókasafn Seltjarnarness hefur farið í gegnum enskan bókakost sinn og safnað saman bókum í tvo kassa sem það mun afhenda grunnskóla Seltjarnarness sem sendir þær áfram til Malaví.

Að frumkvæði grunnskóla Seltjarnarness stendur nú yfir söfnun á bókum á ensku til að senda til vinaskóla í Malaví, en gott samstarf hefur tekist á með skólum þar undanfarnin 13 ár. Á síðustu árum hefur aðstoðinni verið beint að Namazizi skólanum og honum m.a. verið sent ýmis konar skóladót, sem DHL hraðflutningaþjónustu hefur flutt endurgjaldslaut undanfarnin 4 ár og mun gera það aftur í ár. Skólastjórnendur ákváðu að í næstu sendingu yrði lögð áhersla á söfnun bókum á ensku, sem er ríkistungumál Malava, en mikill skortur er á lesefni fyrir börn og fullorðna af öllum toga. Það er von Bókasafnsins að bækurnar komi að góðum notum og að fleiri leggi þessum góða málstað lið, en hægt er að afhenda bækurnar í Mýrarhúsa- og Valhúsaskóla í maí.



UMHVERFISHORNID

Hreinsunardagur 26. apríl 2014

Hinn árlegi hreinsunardagur fór fram 26. apríl sl. Umhverfisnefnd bauð upp á kaffi og köku. Baldur Gunnlaugsson garðyrkjufræðingur kynnti viðstöddum jarðgerð. Sýndar voru tunnur til jarðgerðar; frá Borgarplasti annars vegar og Gámaþjónustunni hins vegar. Jarðgerð er niðurbrot á lífrænum úrgangi við loftháðar aðstæður þar sem hitakærar örverur melta úrganginn þannig að úr verður moldarkenndur massi. Um það bil helmingur af öllum úrgangi sem fellur til á íslenskum heimilum er lífrænn úrgangur sem hægt er að jarðgera. Með heimajarðgerð er því unnt að spara umtalsverðan hluta af því fé sem annars færi í söfnun, flutning og urðun úrgangs. Auk þess nýtast næringarefni sem annars væri kastað á glæ. Á myndinni eru Steinunn garðyrkjustjóri og Baldur garðyrkjufræðingur.



Lionsmenn merkja Hrafnabjörg

Á hreinsunardaginn 26. apríl mætti þessi vaski hópur Lionsmanna á Seltjarnarnesi í kaffi til okkar í umhverfisnefndinni. Síðan hófust þeir handa við að setja niður staura og nýjar merkingar þar sem þurfti. Þetta hefur verið sérstaklega ánægjulegt samstarfsverkefni Lionsmanna og umhverfisnefndar á liðnum árum. Nú er svo komið að aðeins á eftir að merkja tvær bátavarir en viðhaldi og endurmerkingum þarf vitanlega einnig að sinna jafnt og þétt. Á myndinni má sjá þá félagar Kristján Georgsson, Ómar Hannesson, Sigurð Hall, Sigurð Vilbergsson, Sigfús Árna Guðmundsson, Hjört Hannesson, Þórarinn Jóhannesson Lange og Steingrím Ellingsen.



Steinunn garðyrkjustjóri kveður

Okkar kæri garðyrkjustjóri Steinunn Árnadóttir lét af störfum hjá Seltjarnarnesbæ 1. maí sl. Hér má sjá Steinunni ásamt Ásgerði bæjarstjóra í kveðjuhófi sem haldið var Steinunni til heiðurs. Á seinni myndinni er Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri Kópavogs að afhenda Steinunni skjal þar sem hún er gerð að heiðursfélagi í Samtökum umhverfis- og garðyrkjufræðinga. Við í umhverfisnefndinni viljum þakka Steinunni fyrir ánægjulegt samstarf og hjálpfýsi í fjölda ára. Steinunn sat fundi umhverfisnefndar og var okkur mikil stoð og stytta. Sjálf vil ég sem formaður umhverfisnefndar þakka Steinunni sérstaklega fyrir ánægjulega samvinnu og ekki síður fyrir öll þau fjölmörgu skipti sem við hittumst utan umhverfisnefndarfunda vegna hinna ýmsu umhverfismála. Innilegar þakkir fyrir allt Steinunn og bestu óskir um velfarnað í hverju því sem þú tekur þér fyrir hendur í framtíðinni.



Fyrir hönd umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður

Framboð B-lista Framsóknar og óháðra

Framsókn og óháðir hafa ákveðið að bjóða fram við bæjarstjórnarkosningarnar 31. maí. Ef við vinnum sæti í bæjarstjórn munum við veita meirihluta Sjálfæðismanna aðhald, en jafnframt styðja þá til góðra verka.

Helstu stefnumál framboðsins eru:

- Seltjarnarnes verði áfram sjálfstætt bæjarfélag. Með markvissri fjármálastjórn bæjarins og hagræðingu verði rennt sterkari stoðum undir sjálfstæði hans.

- Bætt fjárhagsstaða verði nýtt til að lækka skatta og koma á gjaldfrjálsum leikskóla. Þannig verði ungu fólki auðveldað að setjast að á Nesinu. Við viljum einnig kanna hvort möuglet sé að veita þeim sem eignast fyrstu íbúð á Seltjarnarnesi tímabundinn afslátt á fasteignagjöldum.

- Grunnskólann þarf að efla og bregðast við slakri útkomu hans í Písa-mælingum.

- Við viljum standa vörð um útivistarsvæði og náttúruverur og stuðla að varðveislu þeirra. Sjóvarnir verði eflaðar, grjóttgarður milli Snoppu og Gróttu verði styrktur og þannig komið í veg fyrir að stór hluti eyjarinnar hverfi í fárviðri af út-sunnan samfara mikilli sjávarhæð, veðri sem búast má við á nokkurra áratuga fresti.

- Við viljum að bæjarstjórn Seltjarnarness beiti sér fyrir bættum samgöngum að og frá Nesinu. Brugðist verði af hörku gegn áformum borgarstjórnar Reykjavíkur um að þrengja mikilvægar samgönguleiðir að og frá Nesinu. Við viljum

beita okkur fyrir því að flugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni.

- Við viljum að aldraðir geti verið sem lengst á eigin heimilum, en viljum flýta byggingu hjúkrunarheimilis svo þeir sem á þeirri þjónustu þurfa að halda geti engu að síður verið áfram í heimabyggð sinni.

- Við viljum halda áfram öflugum stuðningi við æskulýðsstarf á Nesinu, sem er að ýmsu leyti til fyrirmyndar.

- Við lýsum e i n d r e g n u m stuðningi við safnaðarstarf í Seltjarneskirkju og hina íslensku Þjóðkirkju.

- Aukið íbúalýðræði – við viljum gera tilraunir með beina aðkomu íbúa í ákvörðunum er varða bæjarfélagið, m.a. með beinum atkvæðagreiðslum.

Guðmundur Einarsson.
Þorsteinn Sæmundsson
Kristjana Bergsdóttir



Guðmundur Einarsson.



Þorsteinn Sæmundsson.



Kristjana Bergsdóttir.

Félags- og tómstundastarf eldri bæjarbúa

Félags og tómstundastarf eldri bæjarbúa hefur verið blómlegt síðustu daga og vikur. Fyrir utan hefðbundna auglýsta dagskrá þá hefur ýmislegt annað verið á döfni. Spilakvöld voru haldin bæði á vegum kvennadeildar Slysavarnard. Vörðunnar og Lions og eru þessi kvöld alltaf skemmtileg og vel sótt.

Fimmtudaginn 27. mars var farið í „óvissuferð“ og var ferðinni heitið í Listasafn Einars Jónssonar og Kaffi Loka. Heimsóknin í listasafnið er ógleymanleg, stórkostleg listaverk sem hafa áhrif á alla sem þangað koma. Síðan var gengið yfir í Kaffi Loka þar var tekið á móti hópnum með gleði og glæsilegum veitingum.

40. ára afmælisdagur Seltjarnarnesbæjar var hátíðlegur og skemmtilegur. Opið hús var á Skólabrautinni þar sem handavinnukonur sátu og saumuðu í altarisdúk sem til stendur að færa kirkjunni. Þó nokkrir gestir komu og þáðu kaffi og kleinur. Eldri borgarar tóku þátt í söngatriði undir stjórn Ingu Bjargar og útsaumsverkið sem handavinnukonur gefa Seltjarnarnesbæ var til sýnis í Bókasafninu á afmælishátíðinni.

Fimmtudaginn 10. apríl var farin leikhúsför í Þjóðleikhúsið á Spamalot. Þriðjudagskvöldið 29. apríl var vorhátíð félagsstarfsins haldin í salnum á Skólabrautinni. Hátt í 60 manns mættu, gæddu sér á góðum mat, söng og dansaði fram eftir kvöldi.

Maímánuður verður nokkuð hefðbundinn og fylgir að mestu útgefni dagskrá. Minnt skal á lestrarstundirnar á mánudögum og miðvikudögum kl. 13.30, þar sem Sólveig Pálsdóttir rithöfundur les Híðyli vindanna.

22. maí. Sameiginleg „óvissuferð“ með kirkjunni. Lagt af stað kl. 9.00.

Fimmtudagurinn 29. maí. Dagur aldraðra / uppstigningardagur. Guðsþjónusta í Setjarnarneskirkju kl. 14.00.

HANDVERKSSÝNING: Sýning á handverki eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi opnar fimmtudaginn 29. maí /uppstigningardag kl. 15.00 í salnum á Skólabraut. Sýningin verður opin föstudaginn 30. maí og laugardaginn 31. maí frá kl. 14.00. Sýningin er opin þessa þrjá daga til kl. 17.00.

Sýningin verður fjölbreytt að vanda, handverk handavinnukvenna, verk frá námskeiðum í leir, listasmiðju, gleri og bókbandi ásamt verkum frá timburmönnum. Altarisdúkurinn sem færa á kirkjunni að gjöf verður meðal sýningargripa. Fjölmennið og takið með ykkur gesti. Kaffisala og vöffur.

Dagskrá félagsstarfsins kemur til með að taka einhverjum breytingum frá júní til september. Ungmennin frá Selinu og Seltjarnarnesbæ koma að félagsstarfi eldri bæjarbúa í sumar eins og undanfarin tvö sumur, þannig að búast má við að dagskráin verði bæði fjölbreytt og skemmtileg.

Gleðilegt sumar.

Listi Framsóknar og óháðra

Framboðslisti Framsóknar og óháðra við bæjarstjórnarkosningarnar á Seltjarnarnesi

1. Guðmundur Einarsson, viðskiptafræðingur og fyrrverandi bæjarfulltrúi.
2. Þorsteinn Sæmundsson, alþingismaður.
3. Kristjana Bergsdóttir, kerfisfræðingur.
4. Sigurður E. Guðmundsson, flugstjóri.
5. Björn Ragnar Bjarnason, viðskiptafræðingur.
6. Edda Sif Bergm. Þorvaldsdóttir, sérkennari.
7. Sigrún Þorgeirsdóttir, málfraeðingur.
8. Stefán E. Sigurðsson, flugstjóri.
9. Iris Gústafsdóttir, hárgreiðslumeistari.
10. Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. skólaliði.
11. Hildur Aðalsteinsdóttir, leikskólasérkennari.
12. Svala Sigurðardóttir, fyrrv. skólaritari.
13. Dóra Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur.
14. Erna Kristinsdóttir, fyrrv. iðnrekandi.

KATRIN®

Pappír er ekki bara pappír

KATRIN pappírinn færð þú í Besta, Grensásvegi

- Katrin Plus – hágæða pappír fyrir heimili og sumarbústaði
- Vistvænn fyrir rotþrær

EasyFlush® frá KATRIN tryggir gæðin

BESTA – HREYFILSHÚSINU

Grensásvegi 18 | 108 Reykjavík
Sími: 510 0000 | www.besta.is

Seltjarnarnes unga fólksins

Það er varla hægt að hugsa sér betri uppeldisstað en Seltjarnarnes. Það er mikil viðurkenning fyrir sveitarfélagið, og þar með sjálfstæðismenn, að ungir Seltirningar vilji búa hér áfram og tryggja börnum sínum þau lífsgæði sem bærinn býður uppá.

Góðir skólar og öflugt íþróttastarf eru lykilþættirnir í að hér er gott að ala upp börn. Staðsetning gerir það að verkum að börn ferðast stutta vegalengd í skóla, íþróttir og annað tómsundastarf. Vel skipulagt skólastarf og samstarf við Gróttu gerir daginn samfelldan með tilheyrandi þægindum fyrir börn og foreldra.

Um 17% af rekstri bæjarins fara í íþróttar- og tómsundamál og yfir 50% fara í fræðslumál árið 2014. Fá bæjarfélög geta státað af slíkum myndarskap. En þetta er ekki sjálfgefið. Seltjarnarnesbær skuldar lítið í samanburði við önnur sveitarfélög. Skynsamur rekstur og lágar skuldir eru forsenda árangurs.

Undir forystu sjálfstæðismanna hefur bærinn staðið dyggilega við barna- og unglíngastarf Gróttu og það mikla sjálfboðastarf sem þar er unnið af foreldrum. Niðurstaðan er öflug forvörn og sterkari einstaklingar.

Ungt fólk kann vel að meta lægra

útsvar hér en í Reykjavík en 6% munar á álagningunni. Fasteignagjöld verða lækkuð um 5% á næsta ári og leikskólagjöld um 25%. Tómsundastyrkir munu hækka úr 30 þúsund í 50 þúsund.

Um 40% íbúðarhúsnæðis á Seltjarnarnesi er undir 120fm að stærð og tæplega 60% er undir 150fm af stærð. Málflutningur vinstrimanna um húsnæðis-skort ungra fjölskyldna er því villandi. Húsnæðisverð er vitanlega hátt á Seltjarnarnesi, í samræmi við þjónustu og lífsgæði Nessins – og lágar álögur.

Seltjarnarnesbær laðar að sér barnafjölskyldur enda mælist ánægja þeirra hærri en í öðrum sveitarfélögum. Í kosningunum 31. maí óska sjálfstæðismenn eftir traustum meirihluta til að hér verði áfram eftirsóknarvert að ala upp börn. Og eldast.

Magnús Örn Guðmundsson, viðskiptafræðingur, skipar 5. sæti á lista sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi



Magnús Örn Guðmundsson.

Upplýsingatækni mikilvæg í þróun skólastarfs

Töluvert hefur verið rætt um notkun spjaldtölva í skólastarfi á síðustu misserum og fylgst náið með þeirri þróun í skólum Seltjarnarness.

Leikskóli Seltjarnarness fékk fyrstu spjaldtölvurnar að gjöf frá félagasamtökum í bænum. Voru þær strax nýttar við sérkennslu enda sýndi sig að þær hentuðu sérstaklega vel fyrir börn sem þurfa á sérstakri örvun að halda. Þessar fyrstu spjaldtölvur hafa skilað góðum árangri og bætti bæjarfélagið því við spjaldtölvukostinn á leikskólanum og eru nú spjaldtölvur á öllum deildum. Reynslunni verður svo miðlað áfram frá leikskólanum í sérkennsluna í grunnskólanum svo að samfella verði í notkun þeirra fyrir þau börn sem á þurfa að halda.

Í framhaldi af góðri reynslu og áhuga kennara á spjaldtölvunotkun var sett af stað þróunaverkefni í Grunnskóla Seltjarnarness. Stofnaður var stýrihópur til að þróa verkefnið og fengnar 10 spjaldtölvur að láni hjá Nýherja. Þráðlausa netið í skólanum var endurbætt svo tæknilegar forsendur væru fyrir hendi en skjávarpar eru staðalbúnaður í kennslustofum.

Markmið verkefnisins var að gefa kennurum og þroskaþjálfum tækifæri til að skoða þá möguleika sem notkun spjaldtölva í kennslu og þjálfun hefur upp á að bjóða.

Stýrihópurinn var í samstarfi við stýrihóp tilraunaverkefnis með spjaldtölvur í Reykjavík, auk þess sem þau kynntu sér hvað væri til af kennsluefni á markaðnum fyrir spjaldtölvur. Heimsóttir voru skólar sem hafa tekið

spjaldtölvur í notkun og kannað námsumhverfi fyrir spjaldtölvur.

Í niðurstöðum hópsins kom fram að umtalsverð þekking safnaðist upp á þeim tíma sem verkefnið stóð yfir. Vilji er til að stýrihópurinn starfi áfram innan skólans og verði með í ráðum um frekari ákvarðanir er lúta að notkun spjaldtölva. Margir kennarar eru langt komnir í að nýta sér þá möguleika sem spjaldtölvurnar hafa upp á að bjóða en nauðsynlegt er að stýrja þá starfsmenn sem vilja auka færni sína í notkun spjaldtölva.

Þetta þróunaverkefni er spennandi og verður unnið áfram að því stig af stigi. Ljóst er að til þess að fylgja þróuninni í samfélaginu verður í kennslustarfinu að taka tillit til framfara í upplýsingatækni. Mörkuð verður stefna á sviði upplýsingatækni fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla bæjarins. Í niðurstöðum hópsins var lagt til að bætt yrði við spjaldtölvukost skólans og var grunnskólanum nú nýverið afhentar 25 nýjar spjaldtölvur þ.á.m. spjaldtölvur er hafa hugbúnað sem tekur mið af nemendum sem þurfa sérstakan stuðning. Bættast þær við tölvukost skólans og munu vonandi nýttast vel í þróun á rafrænum kennsluháttum, þannig að skólarnir á Seltjarnarnesi verði áfram í fremstu röð.

*Sigrún Edda Jónsdóttir
formaður skólaneftdar Seltjarnarness*



Sigrún Edda Jónsdóttir.

VANTAR ÞIG RAFVIRKJA?

ENDURNÝJUN ELDRI LAGNA // NÝLAGNIR LJÓSLÉIÐARLAGNIR // TÖFLUSKIPTI DYRASÍMALAGNIR // SJÓNVARPSLAGNIR INNI OG ÚTILÝSING // GARÐALÝSING LJÓSAHÖNNUN // RÁÐGJÖF // O.FL.

FLJÓT OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

RAFSPOR

PÁLL EINAR KRISTINSSON // LÖGGILTUR RAFVERKTAKI
894.2519 RAFSPOR@SIMNET.IS

Mikið um að vera hjá fyrstubekkingum



Krakkarnir í 1. bekk fóru í heimsókn að Grjótreyri í Kjós í byrjun maí. Þar sáu þeir nýborin lömb, kettlinga og hvolpa.

Veðrið lék við krakkanna og hægt var að borða hádegismatinn úti í skógarlundi við Úlfarsfell. Síðan komu fulltrúar Kiwanisshreyfingarinnar færandi hendi í skólann og afhentu reiðhjólahlálma sem Kiwanis og Eimskip sameinast um að gefa öllum 1. bekkjum á landinum.

Seltjarnarnes, fyrir okkur öll

Á Seltjarnarnesi býr fjölbreyttur hópur fólks á öllum aldri, með ólíkar þarfir, ólíkan bakgrunn og ólíka framtíðarsýn. Samfylkingin á Seltjarnarnesi býður fram í sveitarstjórnarkosningunum 31. maí næstkomandi undir merkjum jöfnuðar, réttlætis og samhjalpar.

Á Seltjarnarnesi ríkir einstakur bæjarbragur þar sem stutt er í alla þjónustu og nálægðin við náttúruna er ómetanleg. Ungt fólk vill búa á Seltjarnarnesi en of margir hafa þurft að flytjast á brott vegna skorts á húsnæði sem hentar ungu fólki eða ungum barnafjölskyldum sem eru að festa kaup á sinni fyrstu fasteign. Mikilvægt er að skipulagsmál bæjarfélagsins séu unnin með skýra framtíðarsýn að leiðarljósi. Stefnu skortir um vægi lítilla og meðalstórra íbúða í uppbyggingu húsnæðis enda hafa þær löngum gleymst og afleiðingarnar að koma fram. Samfylkingin leggur áherslu á að ný vinnubrögð verði viðhöfð í skipulagsmálum á Seltjarnarnesi með almanna hagsmuni að leiðarljósi. Mikilvægt er að áhersla sé lögð á lýðræðisleg og fagleg vinnubrögð, gagnsæi, og samráð við íbúa við ákvarðanatökur ekki síst þegar stefna bæjarins er mótuð og ákvarðanir teknar um nærumhverfi íbúa.

Brúa þarf bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og veita barnafjölskyldum á Seltjarnarnesi framúrskarandi þjónustu. Það er mat Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi að

með samstilltu átaki allra bæjarbúa geti Seltjarnarnes boðið upp á skóla þar sem er að finna bestu kennarana, ánægðustu nemendurna og besta aðbúnaðinn. Mikilvægt er að létta undir með barnafjölskyldum auk þess sem öll börn eiga að hafa tækifæri til að leggja stund á íþróttir og/eða tómsundurir við hæfi óháð efnahag. Samfylkingin leggur áherslu á að tómsundastyrkir verði hækkaðir í 50.000 kr. fyrir lok kjörtímabilsins auk þess sem mikilvægt er að veita aðgangi að tómsundastyrkjum og auglýsa þá betur.

Seltjarnarnes á að vera bæjarfélag fyrir alla, óháð efnahag og aldri. Ráðast þarf í byggingu lítilla og meðalstórra íbúða. Ekki er boðlegt að Seltirningar sem þurfa á félagslegri íbúð að halda þurfi að bíða í fleiri ár eftir lausn sinna mála. Að lokum er nauðsynlegt að fara strax í byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða sem ekki geta búið heima. Lífsgæðin á Seltjarnarnesi eiga að vera fyrir alla en ekki afmarkaða þjófélagsþópa.

Eva Margrét Kristinsdóttir – 3. sæti á lista Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi



Eva Margrét Kristinsdóttir.

Þurfum að auka fjármálaþekkingu ungu fólks

Stofnun heimilis má líkja við að stofna lítið fyrirtæki, til að vel taktist til er mikilvægt að hafa gott fjármálalæsi. Að lifa ekki á yfirdrætti, að safna í varasjóð, markviss sparnaður frá unglingsaldri, allt eru þetta góð markmið en ekki er sjálfgefið að allir geti tamið sér þetta án utanaðkomandi aðstoðar



Rán Ólafsdóttir.



Guðbjörg Eva Pálsdóttir.

Lítill fjármálafræðsla í grunnskólum

Þegar kemur að kennslu í umgengni við peninga og þekkingu á fjármálum er fræðslan ekki mikil. Ættu þessi atriði ekki að vera kennd markvisst í skólum? Fjármál eru einungis kennd sem lítill hluti í ákveðnum greinum en við teljum að það eigi að leggja mun þyngrri áherslu á fjármálafræðslu. Sem börn gengum við öll í grunnskóla Seltjarnarness og það eru einungis tvö ár síðan Guðbjörg útskrifaðist. Við minnumst þess ekki að hafa fengið fjármálafræðslu sem nýttist í daglegu lífi.

Peningar vaxa ekki á trjánum

Það er mikilvægt að krakkar og unglingar geri sér grein fyrir því að peningar vaxa ekki á trjánum, það þarf að vinna fyrir þeim og það þarf að safna fyrir hlutum áður en þeir eru keyptir, vextir kosta peninga.

Við 18 ára aldur eykst frelsi í peningamálum mikið. Krakkar geta þá fengið sér kreditkort, keypt hluti á raðgreiðslum og tekið smálán. Freistingarnar eru alls staðar og því er mikilvægt að fræðslan komi strax í eldri bekkjum grunnskóla. Það er of dýrt að læra af biturri reynslu.

Undirbúum framtíðina betur

Við viljum sjá fjármálafræðslu kennda markvisst sem skyldu fyrir alla nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness þar sem m.a. kennt er um vexti, verðtryggingu, að skilja greiðsluseðla og launaseðla. Með slíka þekkingu verður ungt fólk betur undirbúið til að taka sjálfstæðar og skynsamlegar ákvarðanir.

Rán Ólafsdóttir skipar 7. sæti Neslistans, Guðbjörg Eva Pálsdóttir skipar 8. sæti Neslistans, Axel Kristinsson skipar 9. sæti Neslistans

Seltjarnarnes fyrir fólk á öllum aldri

Kæru Seltirningar!

Síðastliðnar vikur höfum við í Samfylkingunni kynnt stefnu okkar, hugmyndir og frambjóðendur og má nálgast frekari upplýsingar um frambóðið á heimasíðu okkar xsel-tjarnarnes.is. Ég skrifa þessa grein ekki til að kynna stefnu okkar heldur skrifa ég hana sem ungur Seltirningur sem var að ljúka háskólanámi, eignast mitt fyrsta barn og er að setjast hér að með fjölskyldu minni. Ég er fæddur og uppalinn hér á Nesinu, þekki íþróttafélagið, skólana, íbúana og allar helstu stofnanir afar vel bæði sem starfsmaður, þátttakandi og nú bráðum sem foreldri. Ég hef starfað síðastliðin ár með ungmennum og eldri borgurum á Nesinu og unnið með þeim

verkefni sem ég og þau getum verið stolt af. Í gegnum það að alast upp á Nesinu, vinna með unga fólkinu og kynnast þannig foreldrum þeirra hefur áhugi minn á bæjarfélaginu aukist svo um munar. Ég ákvað að gefa kost á mér í bæjarstjórn því mig langar til að leggja mitt af mörkum til að bæta samfélagið okkar með nýjum hugmyndum og lausnum sem allir Seltirningar geta notið góðs af.

Það er mín trú að til þess að bæjarstjórn Seltjarnarness geti verið í stakk búin til að sinna öllum bæjarbúum þá þurfi hún að endurspegla þá breiðu flóru íbúa sem búa á Nesinu. Í bæjarstjórninni þarf að vera fólk af báðum kynjum, á öllum aldri og með ólíkan bakgrunn. Síðastlið-

in ár hefur bæjarstjórnin verið mjög einsleit og hefur mikið hallað á ungt fólk og lítið hefur verið hugsað út í að skapa hér sjálfbært samfélag þar sem eðlileg endurnýjun getur átt sér stað. Þessi stefna er ekki afleiðing þess að bæjarstjórninni sé illa við ungt fólk heldur það að í bæjarstjórnina hefur vantað málsvara ungu fólks sem vill setjast að á Nesinu, ala börnin sín upp í skólunum og taka við keflinu frá foreldrum sínum, ömmum og öfum.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

þróun sem hefur átt sér stað síðastliðin ár og koma í veg fyrir að skólarnir þar sem nemendum hefur nú þegar fækkað um 25%, tæmast þá þurfum við að kjósa nýtt fólk með nýjar hugmyndir og áherslur í þágu allra íbúa á Seltjarnarnesi. Augljósasti kosturinn er að kjósa Samfylkinguna í sveitarstjórnarkosningunum 31. maí því atkvæði til Samfylkingarinnar er atkvæði til ungu fólks og stuðningur við þá hugmynd að á Seltjarnarnesi eigi að búa fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri.

*Guðmundur Ari Sigurjónsson
2. sæti á lista Samfylkingu Seltimanga*

Til snúa við þeirri neikvæðu íbúa-

Skipulagsmál við Nesveg og Eiðistorg

Þegar komið er eftir Nesveginum frá Reykjavík tekur bæjarhlíð Seltjarnarness á móti þér og myndar fallega umgjörð við upphaf Nesvegar. Hús í mismunandi stærðum og gerðum blasa við og á milli þeirra er Nesvegurinn, ein af tveimur aðal aðkomuleiðunum inn í bæinn. Ég hef oft gengið, hjólað eða keyrt þennan veg og fundist eins og þessi mikilæga tengibraut okkar Seltirninga hafi gleymst í skipulagslegu samhengi. Ófugt við það sem Nesvegurinn gæti og ætti að vera þá er hann ekki mikil bæjarþrófi.

Skipuleggjum Nesveginn og Eiðistorg sem heild

Hvers vegna er ekki fyrir löngu búið að deiliskipuleggja Nesveginn heildrænt með aðgengi fyrir alla að leiðarljósi? Og hvers vegna er ekki búið að deiliskipuleggja miðsvæðið okkar, þ.e. bæjarkjarnann Eiðistorg sem tekur á móti okkur þar sem Nesvegur endar? Þar er holótt bílastæði lóðarinnar til háborinnar skammar. Því miður hefur skort á metnað hjá meirihlutanum til að gera bæjargötuna meira aðlaðandi og bæjarkjarnann að heilsteypu og eftirsóknarverðu svæði, og er það miður.

Nú er loks til deiliskipulag af Lambastaðahverfinu og 9. maí sl. var auglýst deiliskipulag Kolbeinsstaðamýrar. Í báðum skipulagstílögum, sem eru frá mismunandi tímum, var Nesvegurinn hluti af hvoru deiliskipulagi fyrir sig, en því miður voru tillögurnar ekki tengdar sam-

an. Þannig varð Nesvegurinn á jaðrinum í báðum tilfellum, en aldrei miðpunkturinn eins og hann þyrfti að vera. Það skortir því alla heildarsýn fyrir svæðið og erfitt getur verið fyrir leikmann að átta sig á tillögunum og skilja þær. Nauðsynlegt er því að gera heildarskipulag sem tekur til alls Nesvegarins og bæjarkjarnans á Eiðistorgi þannig að íbúar og aðrir sjái hvernig vegurinn og bæjarkjarninn muni líta út í framtíðinni. Hér þarf að taka til hendinni og skipuleggja þannig að sómi verði að.

Hugmyndir um samgönguá

Ef hugmyndir manna í tillögum að nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið ná fram að ganga mun sérstakur samgönguá tengja sveitarfélögin saman. Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur óskað eftir því að vestrendi þess áss nái alla leið til okkar. Þetta þarf að hafa í huga við deiliskipulag á því svæði og við Eiðistorg. Það er því afar mikilvægt að fara í endurskoðun aðalskipulags Seltjarnarness strax í upphafi næsta kjörtímabils eins og Neslistinn mun beita sér fyrir.

Ragnhildur Ingólfssdóttir er arkitekt og skipar 5. sæti Neslistans.



Ragnhildur Ingólfssdóttir

Ábyrgð, festa og tækifæri

Eftir Guðmund Magnússon

Nú í maí mánuði göngum við Seltirningar að kjörborði, viðhorfskannanir sýna að um 95% íbúa eru ánægðir með búsetuskilyrðin á nesinu. Framundan eru spennandi tímar og við blasa tækifæri til bættra lífskjara sem meirihluti Sjálfstæðismanna í bæjarstjórn hefur skapað með ábyrgri stjórnun.

Árangurinn í rekstri og þjónustu okkar góða bæjar á síðustu árum er ófundsverður. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar, hefur okkur tekist - með ráðdeild, fyrirhyggju og réttri forgangsröðun - að tryggja öfluga þjónustu, höfsemd í álögum og lækkun skulda.

Ábyrg og öguð fjármála- stjórn

Ábyrgð og festa hefur einkennt rekstur bæjarsjóðs á kjörtímabiliinu. Fagleg vinnubrögð hafa verið lögð í vinnu við fjárhagsáætlanir þar sem starfsmenn, stjórnendur í samstarfi við kjörna fulltrúa hafa sett fram af ábyrgð og skynsemi. Niðurstaða þessara ábyrgu vinnubragða er sú að bæjarsjóður hefur verið rekin með góðum afgangi sem aftur skapar tækifæri til að greiða niður skuldir.

Það er því ekki tilviljun að margir líti til okkar á Nesinu í leit sinni að fyrirmynd um hvernig hægt sé að reka sveitarfélag, þar sem saman fara lágar álögur, litlar skuldir og öflug þjónusta.

rekstur bæjarsjóð skapar okkur tækifæri til framtíðar til að veita bæjarbúum enn betri þjónustu. Við sjálfstæðismenn ætlum að nýta góðan árangur til þess að bæta hag og auka þjónustuna.

Á grunni þess sem gert hefur verið getum við sjálfstæðismenn gefið loforð sem við vitum að hægt er að standa við, - loforð um að gera enn betur:

- Fasteignaskattur verður lækkaður um 5%
- Styrkir til tólstunda verða hækkaðir úr 30 þúsund krónum í 50 þúsund.
- Leikskólagjöld verða lækkuð um 25%.

Við sjálfstæðismenn viljum að allir Seltirningar njóti með beinum hætti þess góða árangurs sem náðst hefur og þá ekki sist barnafjölskyldur. Á komandi kjörtímabili verður það sameiginlegt verkefni okkar að bæta og styrkja okkar góðu skóla og efla íþróttastarfsemi. Við ætlum að gera skólana okkar enn betri og efla enn frekar allt starf þeirra sem yngri eru, en um leið styrkja þjónustu við eldri borgara.

Við sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi höfum sýnt og sannað að forsenda öflugrar þjónustu er aðhaldsemi í fjármálum og lágar álögur.

Höfundur er bæjarfulltrúi og í 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi



Guðmundur Magnússon

Framtíðin er björt

Sú ráðdeild sem einkennt hefur

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Sigurður sýnir í Seltjarnarneskirkju

Sigurður K. Árnason myndlistarmaður verður með málverkasýningu í Seltjarnarneskirkju í tilefni 25 ára afmæli kirkjunnar og verður sýningin út júní.

Ópið verður frá kl. 13 til 17 alla daga og eru allir velkomnir á sýninguna. Þess má til gaman geta að Sigurður er byggingameistari og sá hann meðal annars um að byggja Seltjarnarneskirkju.



Skólasamfélagið okkar

Í opinberri umræðu um skólamál er sífellt klifað á gæðum og árangur nemenda nefndur í sömu andrá. Hins vegar skortir oft hugmyndir frá stefnumótunaraðilum um viðmið um gæði í skólastarfi og hvaða leiðir skuli fara.

Við hvað vilja foreldrar miða þegar talað er um árangur barna þeirra? Eru það háar einkunnir, almenn vellíðan, að koma þeim til manns, að þau verði nýttir samfélagsþegnir og geti lifað í sátt og samlyndi við aðra? Viljum við foreldrar bara allt þetta? Eiga gæði skólastarfs að miðast við hve vel nemendur koma út í þekkingarkönnunum miðað við önnur lönd, sem hafa jafnvel allt aðra menningu og skólastefnu en á Íslandi? Viljum við ekki skóla án aðgreiningar? Samt eru gerðar kröfur um hærra einkunnir þegar rætt er um gæði og gerðar kröfur til kennara um fjölbreytta kennslu-hætti. Tilhneigingin er hins vegar sú að fjölga nemendum í bekkjum með tilheyrandi kraðaðkkostnaði. Einelti er aldrei ásætlanlegt og samanburður í prósentum við önnur sveitarfélög er ekki við hæfi. Tölum um fólk en ekki tölur. Viðurkennum vandann hvort sem við stöndum að baki þolanda eða geranda. Eitt barn eða unglingur á Seltjarnarnesi sem verður fyrir einelti er ekki ásætlanlegt.

Samvinna skólastiga

Áhersla á samvinnu skólastiga frá leikskóla til háskóla kemur fram í nýlegri skýrslu frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Á Seltjarnarnesi er samvinna leikskóla og grunnskóla með ágætum,

enda frábært starfsfólk á báðum stöðum þótt leikskólinn eigi í vök að verjast að ráða hæfasta fólkið vegna lágra launa í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Huga þarf betur að samvinnu við framhaldsskólann, næsta skólastig við grunnskólann. Skoða inntak náms í þeim framhaldsskólum sem ungmennti á Seltjarnarnesi sækjast eftir að stunda nám við og miða innihald náms í grunnskólanum við samfellu þar á milli. Með tilkomu nýrrar aðalnámskrár skapast kjörið tækifæri til að endurskoða skólanámskrána. Gera verður ráð fyrir tíma og fjármagni í þróunarstarfið. Kennarar eru sérfræðingar í skólastarfi og þeim treystum við best til að útfæra slíkar breytingar, enda sýna rannsóknir að stórvægilegar breytingar á skólastarfi gerast í kennslustofunum í samvinnu við kennara. Standa verður við þau markmið að bæta virðingu fyrir starfi kennara og bjóða mannsæmandi laun. Skólastarf er flókið og mikilvægt er fyrir Seltjarnarnesbæ að hafa á að skipa færustu kennurum og öðru starfsfólki og það gerum við með því að skapa aðlaðandi vinnuumhverfi í formi góðrar aðstöðu, launa og samvinnu innan skólasamfélagsins.

Hildigunnur Gunnarsdóttir er upplendis- og menntunarfræðingur og skipar 2. sæti Neslistans.



Hildigunnur Gunnarsdóttir.

Skipulagsmál

Það hefur komið skýrt fram í umræðu síðustu misseri að skoðanir fólks á skipulagsmálum eru mjög skiptar. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur verið unnið í mikilli og góðri samvinnu, minni- og meirihluta skipulagsnefndar að deiliskipulagi nokkurra hverfa bæjarins. Vinna sem þessi tekur alla jafna nokkurn tíma, þar sem þess er gætt að hafa mikið og ítarlegt samráð við íbúa og fjöldi kynningarfundu haldinn í því skyni. Um mitt þetta ár verður búið að deiliskipulegga ríflega helming allrar byggðar bæjarins og það í breiðri sátt.



Bjarni Torfi Álfþórsson.

Hverfi	Íbúar 1998	Íbúar 2014	Hlutfall í dag af fjölda 1998
Seltjarnarnes	4602	4381	95,2 %
Ártúnsholt	1742	1554	89,2 %
Selás	2895	2569	88,7 %
Efra – Breiðholt	9533	8813	92,4 %
Seljahverfi	8668	8224	94,9 %
Foldahverfi	3904	3213	82,3 %
Húsahverfi	2119	1949	92,0 %

Er okkur að fækka og vantar ekki litlar íbúðir?

Því er haldi mjög á lofti af andstæðingum okkar að íbúum hafi fækkað mjög á Seltjarnarnesi síðustu ár, þvert á þróun í öðrum bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er fullkomlega rétt og er mjög svo eðlileg skýring til á því. Til að svara þessari gagnrýni er rétt að líta aðeins á hverfi, t.d. í Reykjavík sem búa við svipaðar aðstæður og okkar bæjarfélag. Í töflunni hér að neðan sést íbúáþróun á Seltjarnarnesi og nokkrum hverfum í Reykjavík til samanburðar.

Íbúum í öðrum sveitarfélögum fækkar ekki því þar eru byggð ný hverfi og þannig heldur íbúarfjöldinn áfram að vaxa. Seltjarnarnes, sem er landminnsta sveitarfélag Íslands hefur ekki sömu möguleika og önnur bæjarfélög og ljóst að möguleikar okkar eru aðrir en þeirra sem byggja ný hverfi í öbrotið land. Það er ekki stefna okkar að sækja land út í sjó eða byggja á vestursvæðinu, en við höfðum í samráði við íbúa skipulag nýja byggð við Bygggarða auk þess sem auðir byggingarreitir hafa verið skipulagðir.

Því hefur einnig verið haldið mjög á lofti að hér vanti litlar og meðalstórar íbúðir fyrir fólk sem er að byrja sinn búskap. Í töflunni hér að neðan er að finna yfirlit yfir þær rétt rúmlega 1600 íbúðir sem eru á Seltjarnarnesi.

fm2	Fjöldi íbúða	Hlutfall af heild	Uppsafnað
< 60	88	5,5 %	5,5 %
60 -70	98	6,1 %	11,6 %
70 -80	84	5,2 %	16,8 %
80 -90	85	5,3 %	22,1 %
90 -100	76	4,7 %	26,9 %
100 - 120	196	12,2 %	39,1 %
120 - 150	285	17,8 %	56,8 %
150 - 200	309	19,3 %	76,1 %
200 - 250	219	13,6 %	89,7 %
250 - 300	110	6,9 %	96,6 %
300 >	55	3,4 %	100 %

Eins og sést á töflunni er rétt um 17 % allra íbúða minni en 80 fm2 og fjöldi íbúa undir 100 fm2 er talsvert meiri en íbúða yfir 200 fm2. Í skipulagsvinnu á síðustu misserum hefur verið skipulögð byggð þar sem áður var iðnaðarsvæði við Bygggarða. Á þessu svæði og öðrum á Nesinu munu rísa um tæplega 200 nýjar íbúðir, en með tilkomu þeirra mun hlutfall lítilla íbúða hækka enn frekar frá því sem nú er.

Í ljósi alls þessa er ég þess fullviss að hér mun áfram verða gott framboð á íbúðum í öllum stærðum fyrir allar fjölskyldustærðir.

Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður skipulagsnefndar og forseti bæjarstjórnar

250 hlupu í Neshlaupinu



Sólin skein glatt á 250 vaska hlaupara sem tóku þátt í Neshlaupinu laugardaginn 10. maí. Þar var keppt í þremur vegalengdum 3,25 km skemmtiskokki og 7,5 og 15 km hlaupi.

Neshringurinn okkar tjaldaði sínu fegursta og það er líklega vandfundin fallelgri hlaupaleið en sú sem við getum boðið uppá. Í ár hlaup þátttakendur með sérstakar

flögur til tímamælinga og úrslit eru að finna á heimsíðu hlaup.is

Trimmkлубbur Seltjarnarness stendur að hlaupinu með góðum stuðningi Seltjarnarnessbæjar. Ýmis fyrirtæki og stofnanir styðja líka hlaupið með því að gefa veitingar og útdráttarverðlaun – þeim færum við okkar bestu þakkir. Þátttakendum í hlaupinu óskjum við til hamingju með árangurinn – sjáumst aftur að ári.

Öflugt æskulýðs- og íþróttastarf lykill að góðu mannlífi

Æskulýðs- og íþróttastarf er annar af tveimur stærstu málaflokkum Seltjarnarnesbæjar. Aðeins er varið meiru fé til skólamála. Þátttaka barna og ungmenna í íþróttastarfinu er með því hæsta sem gerist í landinu og íþróttastarfið hjá Gróttu er ákaflega öflugt og metnaðarfullt og félagið í fremstu röð á landsvísi sem á áreiðanlega sinn þátt í einstaklega góðu ástandi í vímuefnamálum ungmenna á Nesinu.

Mikil vinna að baki árangurs

Þetta góða starf og góður árangur íþróttafólksins okkar fellur ekki áreynslulaust af himnum ofan. Lykilforsenda þess er mikil sjálfböðavinna og ósérhlífni foreldra og áhugafólks bæði við fjáröflun og þátttöku í starfinu og að sjálfsögðu ómældur tími og vinna iðkenda sjálfra. Þetta hefur m.a. skilað félaginu og bæjarfélaginu árangri í fremstu röð, ekki bara á landsvísi, heldur einnig á alþjóðavísu. Þetta framlag verður að styðja og meta að verðleikum.

Gott íþróttastarf hefur góð áhrif

Önnur mikilvæg forsenda góðs árangurs er aðstaðan. Seltjarnarnesbær hefur byggt upp sundlaug, íþróttahús og knattspyrnuhús sem sameiginlega mynda, ásamt líkamsræktarstöð World Class, íþróttamiðstöð sem sannarlega má líta á sem hjarta

bæjarins; iðandi af uppbyggjandi og heilsueflandi lífi frá morgni til kvölds; lífi sem eflir bæjarbraginn og styrkir samheldni íbúa. Stuðningur við æskulýðs- og íþróttastarf er lykilþáttur í góðu mannlífi og gerir Seltjarnarnes að eftirsóknarverðari valkosti til búsetu.

Íþróttaaðstaðan mætir ekki lengur þörfum

Íþróttaaðstaðan þarf á hverjum tíma að mæta þörfum iðkenda og þeirra sem halda starfinu uppi. Hún kveikir einnig áhuga nýrra iðkenda. Við sjáum t.d. hvernig nýi knattspyrnuvöllurinn hleypti auknum krafti í starfið í fótboltanum, ekki síst kvennaboltann. Nú er svo komið að aðstaðan í íþróttahúsinu mætir ekki þörfum. Það á ekki síst við um fimleikaaðstöðuna og við þurfum að búa betur í haginn fyrir nýjasta sprotann í íþróttastarfinu, kraftlyftingadeildina.

Vandaðar tillögur liggja fyrir

Stækkun og umbætur á íþróttahúsinu hafa síðustu ár verið til umræðu, á vettvangi Gróttu, íþrótt- og tómsundaráðs og bæjarstjórnar. Í fyrra skilaði starfs hópur af sér vandaðri skýrslu með tillögum sem miða að því að styrkja stoðir allra deilda Gróttu og bæta aðkomu að íþróttamiðstöðinni. Við hvetjum fólk til þess að kynna sér skýrsluna vel. Hana er t.d. að finna á vefsíðu Neslistans www.xn.is.



Árni Einarsson.



Hildigunnur Gunnarsdóttir.

Verk að vinna

Neslistinn hefur frá upphafi stutt fyrirætlanir um stækkun íþróttahússins en því miður hefur meirihluti Sjálfstæðisflokks ekki viljað taka af skarið og kveða upp úr um afdrif verkefnisins. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 var samstaða innan bæjarstjórnar um að fresta málinu til næsta árs en nota tímann til þess að undirbúa framkvæmdina enn betur eins og gert var. Verkefnið er ekki á fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 og algjör óvissa um framhaldið. Þetta er miður og ekki jákvæð skilaboð til þess mikla fjölda iðkenda og sjálfböðaliða sem heldur uppi íþróttastarfinu í bænum. Í þessu tilviki ekki síst til þeirra sem standa að starfi fimleikadeildarinnar. Hér höfum við verk að vinna.

Árni Einarsson bæjarfulltrúi, skipar 1. sæti Neslistans Hildigunnur Gunnarsdóttir, skipar 2. sæti Neslistans Þau eru bæði uppeldis- og menntunarfræðingar og þekkja vel til og hafa starfað að æskulýðs- og íþróttamálum á Nesinu með ýmsum hætti.



Mætum á völlinn í sumar og styðjum Gróttu til sigurs!



**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



SAMAN



Ríkislögreglustjórn



Íslandsmeistari í 4. fl. karla

Gróttu varð Íslandsmeistari í 4. flokki karla eldri í handbolta sunnudaginn 27. apríl sl. Þegar liðið lagði HK í úrslitaleik eftir framlengingu.

Gróttu bar sigur úr býtum 29-27 eftir að staðan hafði verið 22-22 eftir venjulegan leiktíma. HK-ingar leiddu stærstan hluta leiksins en Gróttu var sterkari að lokum og

unnu frábæran sigur. Leikið var í Íþróttahúsinu í Austurbergi í Breiðholti þar sem allir úrslitaleikir yngri flokka fóru fram. Markaskor í leiknum: Gísli Gunnarsson 9 mörk, Kristján Guðjónsson 9 mörk, Hannes Grimm 3 mörk, Ásmundur Atlason 3 mörk, Hjalti Nielsen 3 mörk, Jóhann Kaldal 1 mark og Jón Friðrik Guðjónsson 1 mark.



Framtíðin er björt

„Framtíðin er sannarlega björt á Nesinu með þessa drengi innanborðs,“ segir í fréttatilkyningu frá Gróttu en um er að ræða sjötta flokk karla sem er skipaður 32 galvöskum drengjum. Drengirnir æfa þrisvar sinnum í viku og í lok apríl léku þeir á síðasta íslandsmótinu í vetur en mótin eru aldursskipt. Eldra árið fór til Akureyrar og lék Gróttu 1 í 1. deild og stóð sig þar með þrýði.

Liðið endaði í 4. sæti eftir mikla baráttu. Gróttu 2 gerði sér lítið fyrir og vann 4. deildina með glans og

fengu verðlaun. Heilt yfir gekk ferðin vel og klárt mál að allir skemmtu sér konunglega á þessu seinasta móti. Yngra árið lék í Grafarvoginum á sínu seinasta móti. Gróttu 1 lék í 1. deild og eftir mikla baráttu og flotta leiki, endaði liðið í 5. sæti en með því að skora einu marki meira hefði liðið endað í 3. sæti deildarinnar þar sem þrjú lið voru jöfn að stigum og með sömu markatölu. Gróttu 2 átti gott mót og vann alla sína leiki í 3. deildinni sem skilaði þeim sigri og verðlaunum.

Handboltavertíðinni lokið

Mái-mánuður var stór mánuður fyrir meistaraflokka Gróttu í handboltanum. Báðir flokkarnir luku deildarkeppninni með stæl og hófst þá úrslitakeppnin hjá kvennaliðinu og umspilið hjá karlaliðinu um laust sæti í úrvalsdeildinni að ári.

Kvennaliðið gerði sér lítið fyrir og sópaði Íslandsmeisturum Fram úr 2-0 í 8-liða úrslitum og mættu síðan deildarmeisturum Stjörnunnar í undanúrslitum. Þar voru Garðbæingar of stór biti þrátt fyrir flotta frammistöðu okkar stúlkna og datt Gróttu því út. Karlaliðið tapaði fyrir ÍR-ingum í umspilinu og átti frábæran fyrsta leik en því miður voru það ÍR-ingar sem voru sterkari. Bæði Gróttuliðin eru því komin í sumarfrí frá keppni en liðin eru nú í óða önn að undirbúa sig fyrir komandi tímabil. Leikmannamál eru í fullum gangi hjá stjórn deildarinnar og munu frétt-



Frá leikjum Gróttu fyrr í vetur.

Ljósmyndir: Eyjólfur Garðarsson.

ir af þeim koma á heimasíðuna um leið og þau gerast.

Laufey Birna Íslandsmeistari í 3. þrepi

Laufey Birna Jóhannsdóttir varð Íslandsmeistari í 3. þrepi á síðari hluta hluti Íslandsmóts í þrepum fór fram á Akureyri laugardaginn 5. apríl. Keppt var 3., 4. og 5. þrepi fimleikastigans í nokkrum aldursflokkum og var stíghæsti einstaklingurinn í hverju þrepi krýndur Íslandsmeistari.

Laufey Birna Jóhannsdóttir varð í 1. sæti í 3. þrepi 10 ára með 59,933 stig, hún var einnig stíghæsti einstaklingurinn á mótinu og því Íslandsmeistari í 3. þrepi. Sólsey Guðmundsdóttir varð í 1. sæti í 3. þrepi 11 ára með 59,333 stig og Sunna Kristín Ríkarðsdóttir varð í 4. sæti í sama flokki. Þórunn Anna Almarsdóttir keppti í 3. þrepi 12 ára og varð í 6. sæti.

Katrín Sigurðardóttir varð í 2. sæti í 4. þrepi 11 ára með 58,767 stig, Bríet Bjarnadóttir varð í 9. sæti og Fjóra Guðrún Viðarsdóttir í 13. sæti í sama flokki. Katrín Aradóttir keppti í 4. þrepi 10 ára og varð í 5. sæti. Saga Óskarsdóttir keppti í 5. þrepi stúlkna 12 ára og eldri og varð í 6. sæti. Mikael Jök-



Katrín Sigurðardóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sólsey Guðmundsdóttir.

ull Gíslason keppti í 5. þrepi 11 ára drengja og varð í 10. sæti. Glæsilegur árangur hjá öllum krökkunum og nú taka við æfingar í næsta þrepi Fimleikastigans.



6. flokkur kvenna Íslandsmeistari

Stelpurnar í 6. flokki kvenna í handbolta létu aldeilis ljós sitt skína í apríl. Stelpurnar á eldri ári lögðu land undir fót í lok apríl og léku á Húsavík. Gróttu tefldir fram tveimur liðum á því eldri árs móti og léku Gróttuliðin í tveimur efstu deildunum. Stelpurnar stóðu sig allar með þryði, sýndu miklar framfarir í gegnum mótið og umfram allt voru félaginu til sóma. Gróttu 1 lenti í 3. sæti í 1. deild og Gróttu 2 í 3. sæti í 2. deild.

Eins og á öllum mótunum þennan veturinn fór spilamennskan stígandi í gegnum mótið og það sýndi sig að þær hafi verið duglegar að æfa í vetur. Árangurinn lét ekki á sér standa en með réttu hugarfari, góðum æfingum og leikgleði eiga þær allar möguleika að ná langt. Yngri árið mætti síðan á seinasta mótið sitt í lok apríl. Öll liðin í fyrstu deild áttu möguleika á Íslandsmeistaratitli og því hver leikur sannkallaður úrslitaleikur. Það var virkilega góð stemning

hjá stelpunum þegar þær mættu og hausinn á réttum stað. Þær byrjuðu á að vinna lið ÍR og HK í spennandi leikjum. Þriðji leikurinn var gegn liði Mosfellinga en sá leikur var virkilega spennandi. Eftir að hafa verið tveimur mörkum undir í hálfleik komu Gróttustúlkur tvíefldar inn í seinni hálfleik og leiknum lauk með jafntefli. Síðasti leikurinn var síðan leikur upp á sjálfan titilinn gegn Haukum. Gróttustúlkur áttu seinnilega sinn besta leik hingað til á þessu ári og sigldu öruggum fimm marka sigri í höfn. Á laugardeginum mætti svo Gróttu 2 til leiks léttar, ljúfar og kátar. Þær tóku sig til og unnu öll liðin nema eitt í deildinni og enduðu því í öðru sæti. Leikur liðsins var stígandi í gegnum mótið og þær geta því brosað breitt næstu daga enda búnað að standa sig frábærlega í vetur.

www.grottasport.is

1x2

GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Friðrik Guðmundsson tónlistarmaður sem var að ljúka 6. stigi í pianóleik. Friðrik er nemandi Aðalheiðar Eggertdóttur hjá Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Fullt nafn? Friðrik Guðmundsson.
Fæðingard. og ár? 20. september 1993.

Starf? Ég var að hætta sem leiðbeinandi á Mánabrekku og fer í skóla í haust þannig ég er sem stendur atvinnulaus.

Farartæki? Timberlandskór með götöttum sólum.

Helstu kostir? Polinmóður, stundvís, myndin, góður, skemmtilegur, fjölskylduvænn, gáfaður en fyrst og fremst hógvær.

Eftirlætis matur? Ég held að það sé Fajitas. Annars er ég alveg óður í allt sem inniheldur túnfisk.

Eftirlætis tónlist? Ég reyni að hlusta á eins fjölbreytta tónlist og ég get.

Eftirlætis íþróttamaður? Viggó "King" Kristjánsson. Frábært að fá strákinn heim.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Breaking Bad, Game of Thrones og Masterchef USA.

Besta bók sem þú hefur lesið? Alkemistinn. Er það ekki klassískt?

Uppáhalds leikari? Cate Blanchett er í miklu upphaldi þessa stundina. Það kemur mér líka alltaf jafn skemmtilega að óvart hvað við Íslendingar eigum marga góða leikara/leikkonur.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? American Beauty kemur fyrst upp í huga.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Skipulegg stundirnar sem ég á ekki frjár.



Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Mér finnst miðbær Reykjavíkur mjög vanmetinn að degi til.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Ég elska alla sem eru samkvæmir sjálfum sér.

Hvern vildir þú helst hitta? Malala Yousafzai.

Uppáhalds vefsíða? doge2048.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Bara einhverjar flottar buxur.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Gera upp eldhúsið og garðinn heima.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Gefa Leikfélagi Seltjarnarness adrenalínsprautu og gera mitt besta til að bæta hljómsveitaradstöðuna í Mýrarhúsaskóla.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Stefnan er að klára tónsmíðanámin í LHÍ en annars reyni ég að þæla ekki allt of mikið í framtíðinni. Það er svo þreytandi.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Ég ætla að ferðast um Inndlandsskagann og Mið-Austurlöndin.

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

2014

XN ESLISTINN

við vinnum – saman

Við viljum breytingar!



Guðbjörg Eva Pálsdóttir



Axel Kristinsson



Rán Ólafsdóttir



Oddur J Jónasson



Kristín Ólafsdóttir



Félagshyggja – velferð, jafnrétti



Rekstur – ábyrgð, gegnsæi



Stjórnsýsla – íbúalýðræði, samráð



Skipulagsmál – heildarsýn, umhverfisvernd



Stjórnsmál – virðing, heiðarleiki



Íþróttir – þátttaka, íþróttamiðstöð



Fjölskyldan – lág þjónustugjöld, forvarnir



Eldra fólk – valfrelsi, hjúkrunarheimili



Skólinn – þroski, vellíðan



Náttúra – útivist, heilsa



Brynjúlfur Halldórsson



Ingunn H Þorláksdóttir



Björgvin Þ Hólmgeirsson



Árni Einarsson



Hildigunnur Gunnarsdóttir



Ragnhildur Ingólfssdóttir



Jens Andrésson



Upplýsingar um stefnu, áherslur og frambjóðendur Neslistans er að finna á www.xn.is.